# Fundargerðabók stjórnar Félags kjötverslana í Reykjavík 16. mars 1950 til 22. ágúst 1968

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag kjötverslana – Stjórnarfundir

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-11

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Félag kjötverzlana í Reykjavík.

Stjórnarfundir.

Frá 1950 til 1968.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4240

# Stjórnarfundur 16. marz 1950

haldinn á skrifstofu formanns Kjötbúðinni Borg.

Til umræðu og ákvörðunar var árshóf félagsins.

Ákveðið var, að árshófið skuli halda sunnudaginn 26. marz að Hótel Borg og hefjist með borðhaldi – á smáborðum – kl. 6 e.m.

Maturinn ákveðinn: Aspassúpa eða blómkálssúpa, Rauðsprettufillet, Svína- og alikálfa~~kjöt~~steik, Rjómaís, Kaffi.

Boðsgestir félagsins voru ákveðnir: Helgi Bergs og frú, Jens Bjarnason og frú, Ólafur Stephensen og frú, Skúli ~~Thorarensen~~ Ágústsson og frú, Sigurður E. Hlíðar dýralæknir og frú, Jón Sigurðsson, borgarlæknir og frú og Jón Guðmundsson, kjötmatsm. og frú.

Skemmtiatriði: Gestgjafi tilkynnti tilboð frá söng-kvartett og var ákveðið, að ef kvartett með Magnúsi Jónssyni, Kristni Hallssyni o. fl. fengist, að bjóða þeim ásamt konum og undirleikara, að njóta árshófsins eins og aðrir þátttakendur. Sömuleiðis að fá skemmtiþátt, t.d. Brynjólf Jóhannesson, leikara.

Ákveðið var að hafa happdrætti.

Reynt verði að fá ávexti eða sælgæti á kostnað félagsins og skal bera það fyrir þátttakendur þegar hæfilegt þykir.

Þorvaldi Guðmundssyni var falið að undirbúa happdrættið og semja við Hótel Borg um mat og annað. Annað annast stjórnarnefndin sameiginlega.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson.

Sig. Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Stjórnarfundur 11. ágúst 1950

var haldinn á skrifstofu formanns Kjötbúðinni Borg.

Mættir voru: Þorbjörn Jóhannesson, Joh. Klein, Þorvaldur Guðmundsson, Marinó Ólafsson og Sigurður Árnason.

Formanni hafði borist frá Framleiðsluráði landbúnaðarins um að sala á nýju dilkakjöti mundi hefjast 16. þ.m. og væri heildsöluverð ákveðið Kr. 20.00 pr. kg. Sömuleiðis 16% álagning fyrir súpukjöt, eða Kr. 23.20 pr. kg.

Ákvað stjórn félagsins, að verð á lærum og hryggjum skuli vera Kr. 25.70 pr. kg og verð á létt-söltuðu kjöti Kr. 24. pr. kg.

Þá skýrði formaður frá, að nú væri kominn umbúðapappír: 348 rúllur 35/75 57 cm og 96 rúllur 25/00 40 cm. sem skifta ætti meðal kjötverzlana. Verðgildi Kr. 14.481.00

Skifti stjórnin þessu pappírsmagni meðal 26 verzlana.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

## Stjórnarfundur 4. september 1950

var haldinn á skrifstofu formanns Kjötbúðinni Borg.

~~Formaður skýr~~ Mættir voru: Þorbjörn Jóhannesson, Joh. Klein, Þorvaldur Guðmundsson, Marinó Ólafsson og Sigurður Árnason.

Formanni hafði borist munnleg tilkynning frá Sveini Tryggvasyni, Framleiðsluráði landbúnaðarins, um að nú hafi verið ákveðið heildsöluverð á kindakjöti í komandi haustsláturstíð og sé því æskilegt að Félag kjötverzlana sendi ráðinu nú þegar kröfur sínar um smásöluálagningu.

Samþykkti stjórnin samþykkti eftirfarandi kröfur:

1. Leyft verði, eins og að undanförnu 14% smásöluálagning á súpukjöt, að viðbættum 22% hækkun á smásöluálagningu samkvæmt tilskipun ríkisstjórnarinnar = 17.08 %
2. Fyrirskipað verði 2% afsláttur af kindakjöti, þegar búðirnar fá heila bílfarma af kjöti.

Óskað væri svars ráðsins við kröfum þessum fyrir 10 september.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Stjórnarfundur 18. september 1950

var haldinn á skrifstofu formanns Kjötbúðinni Borg.

Mættir voru: Þorbjörn Jóhannesson, Guðm. Árnason, Marinó Ólafsson og Sig. Árnason

Tilkynning hafði borist frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, að nú með haustslátrun yrði verð á 1. og 2. flokks dilkakjöti:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Heildsala | Kr. 11.31 | pr. kg | |
| | Heilir skrokkar til neytenda | - 11.61 | " " | |
| | Súpukjöt | - 13.10 | " " tap 16% | |
| Stjórn félagsins ákvað eftirfarandi: | Læri | - 15.00 | " " | |
| | Hryggir | - 15.65 | " " | 15.50 |
| | Heil læri sneidd | - 16.30 | " " | 16.00 |
| | Sneiðar úr lærum | - 17.00 | " " | 16.50. |
| | Kótelettur | - 16.30 | " " | 16.00 |
| | Saltkjöt | - 13.50 | " " | |
| | Léttsaltað kjöt | - 13.60 | " " | 13.50 |
| | Kæfa | - 22.35 | " " | 23.20 |
| | Rúllupylsur | - 21.60 | " " | 23.20 |

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

## Stjórnarfundur 12. febrúar 1952

var haldinn á skrifstofu formanns Kjötbúðinni Borg.

Mættir voru: Þorbjörn Jóhannesson, Þorvaldur Guðmundsson, J. Klein, Sig. Árnason og Jón Eyjólfsson sem mætti fyrir Guðm. Árnason.

Ákvörðun var tekin um, að aðalfundur félagsins skuli haldinn mánudaginn 18. febrúar kl. 8½ e.m. að Félagsheimili V.R. Vonarstræti 4

<u>Árshóf:</u> Á síðasta ári, féll árshóf félagsins niður og urðu félagsmenn varir við óánægjuradda yfir því. Voru stjórnarnefndarmenn sammála um að halda það nú. Var því ákveðið að halda árshófið sunnudaginn 2. marz n.k. í Sjálfstæðishúsinu og skuli það hefjast kl. 6 e.m.

Einnig var ákveðið að hafa þrjá rétti matar – súpu, hamborgarhrygg og ís – með kaffi á eftir.

Þá var ákveðið að félagið bjóði eftirtöldum gestum til árshófsins ásamt konum þeirra: Helga Bergs, frkv.stj. Sl.f.S.l., Skúla Ágústssyni, fyrv. formanni félagsins, Ólafi Stephensen, starfsmanni hjá Sl.f.S.l., Sigurði Hlíðar, dýralækni, Jóni Sigurðssyni, borgarlækni og Skúla Ólafssyni, fulltrúa hjá S.Í.S. og Sveini Tryggvasyni form. Framleiðsluráðs og verkstjóra hjá K. Eyjólfs S.Í.S.

Annað sem gera þarf til undirbúnings árshófsins, svo sem skemmtiatriði, ákvörðun um verð aðgöngumiða o. fl. lofuðu stjórnarnefndarmenn að annast, eftir því sem hver um sig hefði ástæður til.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Stjórnarfundur 23. marz 1953

var haldinn á skrifstofu formanns, Kjötbúðinni Borg.

Mættir voru: Þorbjörn Jóhannesson, Þorvaldur Guðmundsson, Johannes Klein, Lúðvík Bjarnason og Sigurður Árnason.

Ákveðið var, samkv. tillögu formanns, að halda aðalfund félagsins n.k. miðvikudag 25. þ.m. kl. 8½ e.m. að Félagsheimili V.R.

Stjórnin var sammála um, að mæla með því á aðalfundi, að árshóf félagsins yrði haldið í Sjálfstæðishúsinu, sunnudaginn 12. eða 26. apríl, eftir því hvorn daginn yrði hægt að fá.

Þá var ákveðið, að ræða á aðalfundinum um kjötskömmtun þá sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur nú í hyggju að láta koma bráðlega til framkvæmda.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

## Stjórnarfundur 23. júní 1953

var haldinn að Félagsheimili V.R.

Samþykkt var með samhljóða atkvæðum, að fela þeim Þorbirni Jóhannessyni og Þorvaldi Guðmundssyni að undirskrifa fyrir félagsins hönd, samning við Félag kjötiðnaðarmanna, samkvæmt samþykkt félagsfundar í dag.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Stjórnarfundur 17. sept. 1953

var haldinn á skrifstofu formanns, Kjötbúðinni Borg.

Allir stjórnarnefndarmenn mættir.

Formaður skýrði frá, að 10. sept. hafi stjórnin skrifað Framleiðsluráði Landbúnaðarins og óskað, samkvæmt gildandi lagaákvæðum, yrði viktarþungi sýndur á kindakroppunum og væri hann settur á kroppana um leið og mat færi fram. Formaður sagði, að þetta yrði til hagsbóta fyrir kjötsala, því þá þyrftu þeir ekki að taka á sig undirvikt, þegar um sölu á heilum kroppum væri að ræða. Kvaðst hann búast við, að ekki mundi mögulegt að koma þessu í framkvæmd á þessu hausti, en sjálfsagt væri að halda málinu vakandi, til þess ef hægt væri að koma því í framkvæmd haustið 1954. Stjórnarnefndarmenn lýstu sig samþykka bréfinu.

3. sept. skrifaði stjórnin Framleiðsluráði bréf um, að stjórn félagsins fái að vita um væntanlegar verðbreytingar með nægilegum fyrirvara, til þess að hún fái tækifæri til bera fram tillögur til breytinga, sem hún hverju sinni álítur nauðsynlegar.

Þá skýrði hann frá, að haustverð á kindakjöti og sláturafurðum, kæmi til framkvæmda næsta dag 18. sept. og væri sem hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Heildsöluverð á I. og II. fl. kindakjöts | | Kr. | 16.11 | pr. kg |
| Útsöluverð í heilum kroppum | | " | 16.61 | " " |
| Smásöluverð: | Súpukjöt | " | 19.00 | " " |
| | Læri | " | 22.05 | " " |
| | Kótelettur | Kr. | 24.15 | pr. kg |
| | Sneiðar úr læri | " | 25.15 | " " |
| | Hryggur | " | 23.05 | " " |
| | Lifur | " | 15.80 | " " |
| | Mör | " | 18.90 | " " |
| | Tólg | " | 22.25 | " " |
| | Svið | " | 19.25 | " " |

Þá samþykkti stjórnin verð á eftirfarandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Léttsaltað kindakjöt | | Smásala | Kr. 19.50 |
| Rullupylsur | hráar | —"— | " 35.00 |
| Do | Soðnar, niðurskornar 45/00 - 50 gr. pr. 3/25 | —"— | " 48.00 |
| Kæfa | Heildsala Kr. 32.00 | —"— | " 42.00 |
| Álegg | —"— " 48.00 | —"— | " 65.00 |
| Blóðmör | —"— " 13.75 | —"— | " 18.00 |
| Lifrarpylsa | —"— " 14.75 | —"— | " 19.00 |
| Saltkjötshakk | | —"— | " 30.00 |
| Nautakjötshakk | | —"— | 32.00 |
| Kjötfars | —"— " 13.75 | —"— | 17.20 |
| Wienerpylsur | —"— " 20.60 | —"— | 25.75 |
| Bjúgu | —"— " 19.50 | —"— | 24.50 |
| Gullasch | | —"— | 42.00 |
| Buff | | —"— | 52.00 |
| Mörbrað | | —"— | 56.00 |
| Reykt flesk | —"— " 35.00 - Stykki 45.00 | sneiðar | 50.00 |

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Svínaskinkur soðnar: | heildsala 48.00 | stykki 60.00 | niðursneidd | 70.00 |
| Svínasteik - steikt | ~~[illegible]~~ | —„— 60.00 | —„— | 70.00 |
| Sviðasulta | | smásala | | 30.00 |
| Svínasulta | | —„— | | 30.00 |
| Lifrarkæfa | | —„— | | 30.00 |
| Nautatungur: | hráar 50.00 | soðnar 70.00 | | |
| Salöt | | smásala | | 40.00 |
| Rækjusalad | | —„— | | 50.00 |
| Fiskfars | heildsala 6.40 | —„— | | 7.80 |

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnas

## Stjórnarfundur 9. febrúar 1954

var haldinn á skrifstofu formanns Kjötbúðinni Borg.

Tilefni fundarins var, að nú þegar eru svo litlar kjötbirgðir í landinu, að auðsjáanlega verður kjötþurrð áður langt um líður. Í því sambandi má geta þess, að S.Í.S. á mjög litlar birgðir eftir af síðasta árs framleiðslu.

Formaður hafði, vegna fyrirspurna margra félagsmanna um þetta mál, átt samtal við Svein Tryggvason, framkv.stj. Framleiðsluráðs. Kvað Sveinn eigi óhugsandi að takast mætti að fá þing og stjórn til þess að gefa út bráðabirgðarlög um innflutning á svínakjöti – til að byrja með – með viðbót „og öðru kjöti, ef þurfa þykir". Þó gæti hann ekki tekið ákvörðun um þetta fyrr en Búnaðarþing kæmi saman 20. þ.m. en þar yrði þetta mál tekið til meðferðar í samráði við Framleiðsluráð.

Einnig væri athugandi, hvort takast mætti að fá frá Ameríku þau 200 Tonn af dilkakjöti því, sem flutt var þangað í janúar 1952 af framleiðslu ársins 1951

Upplýst hefur verið að S.Í.S. muni lítið sem ekkert eiga eftir af dilkakjöti af síðasta árs framleiðslu.

Formaður kvað athugandi, hvort bjóða ætti til félagsfundar til þess að ræða þetta mál. Var nokkuð rætt um þetta og komst stjórnin að þeirri niðurstöðu að það væri tilgangslaust á þessu stigi málsins, því málið mundi á engan hátt leysast með því móti. En þess í stað var ákveðið að stjórnin ræddi málið við framkv.nefnd Framleiðsluráðs, svo fljótt sem unnt væri og bjóða því næst til félagsfundar.

Formaður símaði þá til Sveins Tryggvasonar og óskaði eftir samtalinu, en Sveinn gat ekki ákveðið viðtalstíma, en lofaði að láta vita, þegar það gæti orðið.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnas

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Stjórnarfundur 4. ágúst 1954

var haldinn á skrifstofu formanns. Allir stjórnarmenn mættir.

Þann 2. ágúst ákvað stjórn félagsins á hinum ýmsu pörtum kindakjöts, eins og venja hefur verið frá stofnun félagsins og auglýsti verðið í blöðum sem út komu árdegis í gær. Sömuleiðis var ákveðið að koma því í útvarpstilkynningu í gærkvöldi, en Framleiðsluráð stöðvaði útvarpstilkynninguna, án þess að láta stjórn félagsins vita um það og auglýsti verðlista er það hafði samið og var verðið þar nokkru lægra en það verð, er stjórn félagsins hafði ákveðið.

Þannig svifti Framleiðsluráð félagið þeim rétti er það hafði, án nokkurra viðræðna.

Álit stjórnarinnar var, að tilgangslaust væri að ræða við Framleiðsluráð um þetta, þar sem það hefði einræðisvald í þessu máli og ákvað að auglýsa hið lækkaða verð í dagblöðunum næsta morgun – 5. ágúst.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

## Stjórnarfundur 31. janúar 1955

var haldinn á skrifstofu Sambands Smásöluverzlana. Allir stjórnarmenn mættir.

Til umræðu var bréf frá S.S. þar sem óskað er að félagið taki afstöðu til tillagna til samninga við verzlunarfólk um breyttan lokunartíma sölubúða.

Lokunartími á laugardögum hefur verið: 1/10 – 30/4. kl. 4 e.m. og 1/5. – 30/9 kl. 12 á h.d.

Tillögur sem nú liggja fyrir eru að lokað sé á laugardögum: 1/5. – 30/9. kl. 12 á h.d. 1/10 – 31/12. kl. 4 e.m. og 1/1. – 30/4 kl. 1 e.m.

Samþykkt var að bjóða til félagsfundar um málið, svo fljótt, sem hægt væri að fá fundarhús.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Sig. Árnason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Stjórnarfundur 23 janúar 1956

var haldinn á skrifstofu sambands smásöluverzlana. Mættir voru á fundinum Þorvaldur Guðmundsson, Jóhs. Klein, Dagbjartur Lýðsson og Skúli Ágústsson. Til umræðu var teikning af húsi fyrir hugaða kjötmiðstöð og hafði borgarlæknir beðið um álit félagsins á fyrirkomulagi hinna ýmsu deilda innan miðstöðvarinnar. Tillaga kom fram um það að kjötskoðunardeildin yrði sameiginleg fyrir alla aðila og ennfremur að kælirinn, sem staðsettur er á teikningunni milli tveggja, skoðunarsala, yrði fluttur nær pylsugerðunum. Ennfremur að sérstök kjötskoðun yrði að vera fyrir sláturhúsið og að forkælir yrði fyrir framan frystiklefa sláturhússins. Annað gerðist ekki. fundi slitið

S. Ágústsson

Þ. Guðmundsson

## Stjórnarfundur 23/8 '56 (sameiginl.)

Fimmtudaginn 23 ágúst '56 var haldinn fundur í félögum kjöt- og matvörukaupm. Lárus Pétursson setti fundinn og gat þess að líkur væru fyrir því að hin nýja ríkisstjórn fylgdist vel með verðlagi með tilliti til væntanlegra verðlagsákvæða. Sigurliði Kristjánsson ræddi verðlagsmál og urðu nokkrar umræður að loknu máli hans. Samþ. að formenn fél. gangi á fund væntanlegs framkvæmdastj. Grænmetisv. landbúnaðarins til viðræðna.

Fundi slitið

S. Ágústsson

Þ. Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1965, fimmtudaginn 9. sept., var sameiginlegur fundur stjórnar Félags kjötverzlana og verðlags-nefndar félagsins.

Formaður Jónas Gunnarsson setti fundinn.

I. Verðlagsmál landbúnaðarafurða.

Formaður skýrði nokkur táknleg dæmi um verðlagningu á kjöti.

Framkvæmdastjóri Knútur Bruun sagði frá samtali við landbúnaðarráðherra.

Samþykkt var að afla sér gagna frá nokkrum aðilum í sambandi við sundurliðun á kjöti.

Ákveðið var að stjórnin mættist í Heimakjöri á n.k. mánudag kl. 14,00 og taka sundur nokkra kjötskrokka og reikna út verð.

II. Afgreiðsla fundarályktana nokkrar umræður urðu.

Kom í ljós að rétt hafði verið á málum haldið, eftir vilja félagsins.

Fleira var ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Jón F. Bjarnason
fundarritari

Jónas Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 9/8.56 var haldinn sameiginl. fundur stjórna F.M.R og Fél. kjötv. Með var einnig varaform. SS. Páll Sæmundsson. Fundarstjóri var Lárus Pálmason. Fundarstj. setti fundinn og skýrði frá boði Iðnaðarmálastofnunar Íslands um að kosta menntun ráðunauta til Norðurlanda og U.S.A.
S.Í.S. og V.Í höfðu fengið samskonar boð. Námstími er ákveðinn ca 3 mán. á Norðurl. og 3 mán. í U.S.A. Páll Sæmundsson skýrði málinu tillögum. Umræður urðu um málið með og móti. Tillaga kom fram um að F.M.R. og Fél. kjötv. skipuðu 1 mann hvort til þess að vinna með stjórn S.S. að því að finna mann til starfsins. Till. samþ. Einnig var samþ. að þiggja boðið, ef maður fengist. F.M.R. skipaði Björn Jónsson og F.Kjötv. Þorvald Guðmundsson. Einnig var rætt um verðlagsmál.

Fleira ekki tekið fyrir

[signatures]

Skrifst. Samb. Smás.verz
4. ág. kl. 11 f.h.

# Kjötverð

**Verð á dilka-, veturgömlu og geldfjárkjöti** verður fyrst um sinn:

**Súpukjöt** (dilka og veturgamalt) kr. 32.00 kg.

**Súpukjöt** (geldfjárkjöt) kr. 26.00 kg.

Sé beðið um sérstaka hluta skrokksins er verðið sem hér segir:

| Dilka og veturgamalt: | | Geldfjárkjöt | |
|---|---|---|---|
| Læri | kr. 37.20 kg. | Læri | kr. 30.15 kg. |
| Kótilettur | — 40.75 — | Kótilettur | — 33.00 — |
| Sn. úr læri | — 42.35 — | Sn. úr læri | — 34.30 — |
| Hryggur | — 38.80 — | Hryggur | — 31.45 — |

**Félag kjötverzlana í Reykjavík**

... 1957 var
... F.M.K. og
...
...aðir:
... skýrði frá samtökum
... verðlagsstjóra.
...tir að nú
... fundir
... mótmæla
... félögum
... form. G. Skúla
... haldinn sameiginl.
... væru ekki
...anlega ákveðið
...eiginlegar
...smákaupmanna
... umræður að
...kvöldi og varð
... fyrir valinu.
...viðskipti og
... ákveðið að þau
... á hinum almenna
... stjórn geri það
... fundinn aðri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 9/8.56 var haldinn sameiginl. fundur stjórna F.M.R og Fél. Kjötv. Mættur var einnig varaform. S.S. Páll Sæmundsson. Fundarstjóri var Lárus Pétursson. Fundarritari setti fundinn og skýrði frá boði Iðnaðarmálastofnunar Íslands um að kosta menntun ráðunauts til Norðurlanda og U.S.A.
S.Í.S. og V.Í. höfðu fengið samskonar boð. Námstíminn er ákveðinn um 3 mán. á Norðurl. og 3 mán. í U.S.A. Páll Sæmundsson skýrði nánar tilhögun. Umræður urðu um málið með og móti. Tillaga kom fram um að F.M.R. og Fél. Kjötv. skipuðu 1 mann hvort til þess að vinna með stjórn S.S. að því að finna mann til starfsins. Till. samþ. Einnig var samþ. að þiggja boðið, ef maður fengist. F.M.R. skipaði Björn Jónsson og F. Kjötv. Þorvald Guðmundsson. Einnig var rætt um verðlagsmál.

Fleira ekki tekið fyrir.

[signature]
[signature]

Mánudaginn 18 febr. 1957 var sameiginl. fundur stjórnar F.M.K. og F. Kjötv.
Í tilefni nýju verðlagsákvæði:
L.P. las upp og skýrði frá samtölum sem hann hafði átt við verðlagsstjóra. Kristján Jónsson óskaði eftir að nú þegar yrðu boðaðir almennir fundir hjá hvoru félagi, til að mótmæli kæmu frá sem flestum sérgr. félögunum. G.K. var á sama máli. Þorv. G. stakk upp á að fundur yrði haldinn sameiginl. hjá F.M.K. og F. Kjötv. Menn voru ekki á einu máli og endanlega ákveðið að haldinn skyldi sameiginlegur fundur kjötsala og matvörukaupmanna og ákveðið eftir nokkrar umræður að halda skyldi fundinn að kvöldi og varð miðvikudagskvöldið fyrir valinu. Rætt var um lánsviðskipti og heimsendingar en loks ákveðið að þau mál yrðu tekin fyrir á hinum almenna fundi. Sigurliði Kristjánsson gerði það að till. sinni að fundinum yrði

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifst. Samb. Smás.-verz. 4. ág. bl. 11 j.b.

# Kjötverð

**Verð á dilka-, veturgömlu og geldfjárkjöti** verður fyrst um sinn:

**Súpukjöt** (dilka og veturgamalt) kr. 32.00 kg.

**Súpukjöt** (geldfjárkjöt) kr. 26.00 kg.

Sé beðið um sérstaka hluta skrokksins er verðið sem hér segir:

| Dilka og veturgamalt: | | Geldfjárkjöt | |
|---|---|---|---|
| Læri ...... | kr. 37.20 kg. | Læri ...... | kr. 30.15 kg. |
| Kótilettur .. | — 40.75 — | Kótilettur .. | — 33.00 — |
| Sn. úr læri | — 42.35 — | Sn. úr læri | — 34.30 — |
| Hryggur .. | — 38.80 — | Hryggur .. | — 31.45 — |

**Félag kjötverzlana í Reykjavík**

nnasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur




## minnisvarðar.

**kemmtilegu minnzt**
**líu.**

lega féll úrskurður um samkeppni þessa, á þá leið, að reistar verða tvær styttur af Gosa, önnur samkvæmt hugmynd málarans Venturino Venturis, en hin eftir myndhöggvarann Emilio Greco.

Venturi er 35 ára gamall, mjög kunnur maður í heimalandi sínu. Emilio Greco er Sikileyjarbúi, mikilhæfur maður. Hugmyndir þeirra eru sagðar mjög ólíkar, en tryggt þykir, að Gosi verði nú reistir myndarlegir minnisverðar.

---

# Verndun fiskimiða Íslands til umræðu í Norðurlandaráði.

**Á þingi Norðurlandaráðs, sem hefst 9. þ. m. flytja fulltrúar þess í ráðinu, þeir Sigurður Bjarnason, Bernharð Stefánsson, Hannibal Valdimarsson og Gísli Jónsson tillögu varðandi stuðning við ráðstafanir Íslendinga um verndun fiskimiða umhverfis landið,**

seti sameinaðs alþingis. Forma ur Íslendingadeildar Norðu landaráðs er Sigurður Bjarn son forseti neðri deildar a þingis. Af hálfu ríkisstjórna innar munu sækja þingið Ólaf Thors forsætisráðherra og Stei grímur Steinþórsson félagsmál ráðherra.

Tillögu íslenzku fulltrúann fylgir ýtarlega greinargerð u verndun fiskimiðanna u hverfis landið, en tillagan sjá er svohljóðandi:

Norðurlandaráð mæli með þ við ríkisstjórnirnar, að þær a hugi, á hvern hátt sé unnt a styðja Íslendinga í viðleit þeirra til verndunar fiskimið við strendur landsins."

---

# Mikil átök í TU um endurvígbúnað V.-Þýzkalands.

**London í morgun.**

**Deilur innan brezku verk lýðsfélaganna um endurvígbú að V.-Þýzkalands fara vaxand og úrslitin kunna að hafa víð tæk áhrif í Bretlandi og á al þjóðavettvangi.**

Ársþing brezku verkalýðsfé laganna (TUC) kemur sama hvað líður og mun aðaldeilu málið verða endurvígbúnaðu Vestur-Þýzkalands á grundvell Evrópusáttmálans. Félög, sem ráða yfir 3 millj. atkvæða, hafa samþykkt stefnu miðstjórnar innar um aðild V.-Þ. að sátt

nnasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5%----- 1o.77% | 19%----- 25.54% | 29%----- 36.1o% | 4o%----- 47.7o% |
| 7.5%---- 13.41% | 2o%----- 26.6o% | 3o%----- 37.15% | 41%----- 48.76% |
| 1o%----- 16.o5% | 21%----- 27.66% | 31%----- 38.2o% | 42%----- 49.81% |
| 11%----- 17.1o% | 22%----- 28.71% | 32%----- 39.26% | 43%----- 5o.86% |
| 12%----- 18.16% | 23%----- 29.76% | 33%----- 4o.32% | 44%----- 51.92% |
| 13%----- 19.22% | 24%----- 3o.82% | 34%----- 41.37% | 45%----- 52.97% |
| 14%----- 2o.27% | 25%----- 31.87% | 35%----- 42.43% | 46%----- 54.o3% |
| 15%----- 21.33% | 26%----- 32.93% | 36%----- 43.48% | 47%----- 55.o8% |
| 16%----- 22.38% | 26.5%--- 33.46% | 37%----- 44.54% | 48%----- 56.14% |
| 17%----- 23.44% | 27%----- 33.98% | 38%----- 45.59% | 49%----- 57.2o% |
| 18 %----- 24.49% | 28%----- 35.o4% | 39%----- 46.64% | 5o%----- 58.25% |

5/12 70
Söluskatt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

haldinn að degi til og lokað frá
kl. 1-4. e.h. borið undir atkvæði
og samþ. að halda fundinn á miðvikudags
kvöldið.
Þorv. Guðmundsson stakk upp á að
Verðlagsstjóra og ráðherra Hannibal Valdimars.
yrði boðið á fundinn. álitið að það væri
ekki tilætlunin [illegible].

Fundi slitið
S. Kristjánsson
ritari

[signature]

Stjórnarfundur var haldinn í félaginu
þ. 7 sept. 1957 í skrifst. S.S.
Framkv.st. landbúnaðarins óskaði eftir
áliti félagsmanna á því hvort þeir
gætu fallist á að dilkakjöt, sem slátrað
yrði á komandi hausti yrði selt í
verzlanir með nýrnamör, en tóku
þó fram að eitthvert tillit yrði
tekið til verðmismunar á mör og kjöti.
Stjórn félagsins ákvað að hún gæti alls
ekki gengið að þessu og var framkv.st.
sent bréf þess efnis, að stjórnin
áliti að kaupmenn almennt treystu
sér ekki að kaupa kjötið með mörnum
í. Ennfremur var rætt um verð á
saltsíld flakaðri, vegna þess að
verðlagseftirlitið fór fram á að salt-
síldarflakið yrði selt á kr. 2.00 pr
stk. en verð almennt í verzl. í dag
er frá kr. 2.- til 2.50 Ekki tekin nein
afstaða til málsins; enda búist við
að allar vörur verði innan skamms
settar undir verðlags ákvæði. Fleira
ekki rætt. Fundi slitið

[signature] [signature]
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur haldinn þ. 26/3 57

Fyrir fundinum lá aðeins eitt mál og það var að ákveða aðalfund. Samþ. var að halda fundinn þ. 8.4.57. Fundi slitið

[illegible]
ritari

J. Guðmundsson

Formannafundir sérgr. félaganna:

15 ág. 1957 – Rætt um bátalistann og Ítalíu viðskipti.

19 okt. 1957 – launakjarasamningarnir

Sameiginlegur fundur fél. Matvörukpm. og Fél. Kjötverslana haldinn 1. Apríl '58 kl. 10 f.m. á skrifstofu S.Í.
Framkvstj. S.Í. skýrði frá að nefnd hefði verið skipuð frá Fél. Matvörukpm. til að fá lagfæringu á álagningu á ýmsum vörum og hefði átt viðræður við verðlagsyfirvöldin.
Form. Fél. Kjötverzl. Þorv. Guðmundssyni og Jóni Bergs var falið að ná tali af form. Framleiðsluráðs landbúnaðarins um lagfæringu á verði á landbúnaðarvörum.
Ennfr. var Marinó Ólafssyni falið ásamt Lárusi Péturssyni að yfirfara verðútreikninga á hreinlætisvörum, vegna áframhaldandi viðræðna við verðlagsstjóra.

[illegible] J. Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1958.

Stjórnarfundur í Fél. Kjötverslana 3 Júní kl. 2.

Á fundinum mætti hr. Jón Bergs f/ Sláturf. Suðurlands.

Þorbjörn Jóhannesson setti fundinn í forföllum formanns.

Lárus Pétursson skýrði frá því á framl. Landbúnaðarins hafi skýrt frá því að væntanleg hækkun á súpukjöti verði hækkuð úr 18% í 21% á niðurgr. verð

Verð ar. á lærum og öðrum pörtum verði þannig

| | | | |
|---|---|---|---|
| Heil læri verði | 37% | áður | 33% |
| Hryggir heilir | 42% | " | 33% |
| Læri sneidd | 54% | " | 46% |
| Kódelettur | 50% | " | 46% |

Framleiðsluráð var ekki tilbúið að lofa neinni hækkun á svíðum og ostum en lofaði hinsvegar að hafa samband við Innflutningsskrifstofuna um allar almennar hækkanir

Fundurinn samþykkir að þiggja boð Framleiðsluráðs um hækkun á súpukjöti með þeim fyrirvara að þetta sé ekki endanleg afgreiðsla á hækkunum

Jafnframt var samþykkt að Þorbjörn Jóhannesson, Viggo og Lárus tilkynni framleiðsluráði álit fundarins.

Fundurinn samþykkir að mæla með því á Framleiðsluráð taki í sínar hendur verðlag á kjötvinnsluvörum.

Fundi slitið um kl. 3

Marinó Ólafsson

Þorbjörn Jóhannesson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1958.

Stjórnarfundur í Félagi Kjötverslana
í Reykjavík 20 Júní kl. 11.
Þorbjörn Jóhannesson stjórnaði
fundi í fjarveru formanns.
Fyrir fundinum lá að ákveða verð
í smásölu á ýmsum kjöti s.s. dilkakjöti
nautakjöti, svínakjöti og áleggi. Verð
í smásölu er mism. í hinum ýmsu
verslunum félagsins. Lagt er til að
verð verði samræmt svo sem kostur er
Ákveðið var að halda almennan
félagsfund mánudaginn 23. Júní kl. 8½
í Félagsheimili V.R. og taka til umræðu
verðlagsmálin.

Fundi slitið

Marinó Ólafsson
ritari

Þorbjörn Jóhannesson.

1958.

Stjórnarfundur í Félagi Kjötverslana
í Reykjavík 2. Júlí kl. 2
Framkv.stj. smásöluverzl. hr. Lárus
Pétursson skýrði frá árangri viðr.
verðlagningu á kjötfarsi og wienerpylsum
sem hægt var að fá samþykkt.
Þ.e. verð á kjötfarsi hækki úr kr. 13.90
í kr. 15.80 pr. kg. í heildsölu og hækki
úr kr. 16.20 í kr. 19.00 pr. kg. í smásölu
Verð á wienerpylsum hækki úr kr. 22.10
í kr. 25.00 í heildsölu og hækki úr kr. 26.20
í kr. 30.00 í smásölu. Lagt var fyrir
fundinn hvort hann sjái sér fært að taka
þessu tilboði.
Þorbjörn Jóhannesson hafði í dag
látið Framleiðsluráði í té hin nýja verð-
lista yfir kjöt og kjötvörur.
Fundurinn samþykkir að taka
tilboði Verðlagsgæslunnar á framangr.
~~[illegible]~~ á verði á kjötfarsi og wienerpylsum
og senda meðlimunum verðlista
á kjötvörum í heildsölu og smásölu.
sem samþykktur var á félagsfundi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. Janúar s.l.
Jafnframt felur fundurinn Lárusi Péturssyni að tilkynna Verðgæslustjóra um samþykkt fundarins og láta jafnframt þess getið, að n.k. haust áskiljum við okkur rétt til að taka upp aftur umræður um verð á kjötvörum.
Fundi slitið

Marinó Ólafsson
J. Guðmundsson.

1958.

Stjórnarfundur í Félagi kjötverzl. í Reykjavík, 15. Júlí kl. 2.
Lagt var fram uppkast af nýjum samningum við Fél. kjötiðnaðarmanna sem samkomulag var um 14. Júlí s.l. sem breytist þannig frá fyrra samningi kaupkökkun verður 3% umfram lögbætis 5% hækkun og fyrirheit um lífeyrissjóð frá 1. Janúar 1959 á sama grundvelli og Lífeyrissjóð V. R.
Stjórnarfundur samþykkti báða nýju samninga.
Fundi slitið.

Marinó Ólafsson
J. Guðmundsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur fundur með stjórnum Fél. Kjötverzlana í Rvík. og Fél. Matvöru Kaupmanna haldinn í skrifstofum Sambands smásöluverzlan 25 ágúst 1958 kl. 2.

Fyrir fundinum lá uppkast að kjarasamningi V.R. sem undirritaður var af samningsmönnum með þeim fyrirvara að hann næði samþykki viðkomandi sérgreinafélaga. Samningurinn var borinn undir atkvæði og var samþykktur af stjórninni sem öll var mætt á fundinum.

Formaður Fél. Þorvaldur Guðmundsson vakti máls á því ~~[illegible]~~ að hann hefði orðið var við að verzlanir héldu ekki rétt verð á grænmeti sem væri samþykkt ~~[illegible]~~ álagning 30% á tómötum og gúrkum en 40% á öllu öðru grænmeti. Nokkrar umræður urðu um þetta mál og voru allir samþykkir að halda sig við þessa áðurgerða samþykkt.x Fundi slitið. Valdimar Gíslason.

x Ákveðið var að ræða við Framleiðsluráð landbúnaðarins um haustverð til verðlagsnefndar.

Þ. Guðmundsson

Stjórnarfundur

í Fél. Kjötverzlana haldinn í skrifstofu Sambands smásöluverzlana mánudaginn 22 Sept. 1958 kl. 2. e.m.

Þorbjörn Jóhannesson lagði fram útreikninga á heildsölu og smásöluverði í búðum félagsmanna. Vegna breytinga sem orðið hafa á haustverði landbúnaðarvara. Var hann samþykktur og ákveðið að hann komi til framkvæmda frá og með morgundeginum.

Á fundinum var ákveðið að félagsstjórn skipti með sér verkum samkv. fél.lögum. og var Þorbjörn Jóhannesson valinn varaformaður og Valdimar Gíslason ritari og Jón Eyjólfsson gjaldkeri. Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

V.G.

Þorbjörn Jóhannesson

[illegible] Vald. Gíslason

Jón Eyjólfsson [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur stjórnarfundur haldinn 3. Janúar af Fél. kjötverslana og Félg. matvörukaupmanna í Reykjavík.

Lagt var fyrir fundinn bréf frá Osta- og smjörsölunni um nýja verðlagsákvæði.

Sig. Magnússon, kaupm. hafði haft tal af hr. Sig. Benediktssyni, forstj. Osta- og smjörsölunnar, og skýrði honum frá afstöðu meðlima félaganna um þetta nýja fyrirkomulag á sölu þessara vara. Sérstaklega var bent á vankanta á því fyrirkomulagi hvað greiðslufyrirkomulag verður erfitt.

Lesið var upp bréf frá Sambandi smásöluverslana til Osta og smjörsölunnar, þar sem greinilega er getið þeirra óska sem Samband smásöluverslana gerir fyrir hönd meðlima sinna. Fundurinn samþykkti bréfið og taldi sjálfsagt að fylgja því eftir að festa.

Lárus Pétursson benti á að skila til Framleiðsluráðs kjötbirgðum miðað við 1. Jan. 1959 vegna niðurgreiðslu birgðanna.

Fundurinn lagði til að nefnd yrði send til viðr. Osta- og smjörsöluna og fleiri aðila í sambandi við sölufyrirkomulag á þessum vörum. Eftirtaldir menn voru kosnir í nefndina, Þorvaldur Guðmundsson form. Kjötverslf., Sig. Magnússon, form. matvörukaupm., Björn Jónsson, kaupm. og Viggo Sigurðsson, verslunarstj. ásamt Lárus Péturssyni framkv.stj. Jafnframt var þessari nefnd falið að eiga tal af Sölufj. Garðyrkjumanna um sölu til einstaklinga á þeirra söluvörum einnig að athuga ástæður með sölu til einstaklinga frá afurðasölu S.Í.S. á Kirkjusandi og gjöra tilraun til að stöðva slíkar sölur.

Marinó Ólafsson

Þ. Guðmundsson

28. Janúar 1959.

Sameiginlegur stjórnarfundur hjá Fél. Kjötverzlana og Fél. matvöru-kaupmanna í Reykjavík og matvöru-kaupmönnum Hafnarfj.

Tilefni fundarins er frumvarp til laga um niðurfærslu kaupgjalds og verðlags. Lárus Björnsson skýrði málið. Hann benti á að með vísitölu 202 sé ekki rekstursgrundvöllur fyrir hendi fyrir meðlimi félaganna. Í frumvarpinu eru ákvæði um lækkun á álagningu og kaupi. Lárus benti á að 30% smásöluálagning fer niður í 29,1%. Það eru tilmæli ríkisstj. að verðlag lækki í stað 3,2 í 5 stig. Einnig vörutegundir verði lækkaðar í smásölu og heildsölu. Lárus Björnsson bað fundarmenn að taka ákvörðun hvort þetta sé vilji þeirra í stað að láta vísitölu og hækkanir halda áfram. Sig. Magnússon benti á að kaupmenn hefðu tekið á sig aukið kaup í desember og janúar. Jón Mathiesen form. Kaupm. í Hafnarfirði taldi eðlilegt eins og málum er komið að kaupmenn taki á sig þær byrðir sem frumvarpið fer fram á. Einnig gat Þorvaldur Guðmundsson að hann teldi eðlilegt að skerast ekki úr leik. Sigurliði Kristjánsson taldi eðlilegt að koma á móts við frumvarpið. Einnig benti hann á að álagning kaupmanna fylgi ávallt vísitölu og fái leiðréttingu um leið á sinni álagningu.

Fundurinn samþykkti að heimila stjórn Smásölusambandsins að semja við ríkisstjórnina um hagstæðust kjör fyrir hönd meðlima sinna.

Magnús Ólafsson

Þ. Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Febrúar 1959.

Sameiginlegur stjórnarfundur hjá Fél. kjötverslana og Fél. matvörukaupm. í Reykjavík.

Lárus Pétursson framkv.stj. setti fundinn og skýrði frá nýju verði á öls og gosdrykkjum.

Einnig gat um nýja listann á verði á ýmsum kjötvörum. Verðlagsstj. hafði fullyrt um að ekki væri farið eftir verði sínu á kjötvörum t.d. kæfu og rúllupylsu. Hinn nýji verðlisti var samþykktur, jafnframt var mælst til þess að komið væri fram mótmælum við verðlagsstjóra um ákvæði hans um verð á kæfu og rúllupylsu.

Sig. Magnússon kom inná þá hlið þessara mála, sem hinar nýju einkasölur á eggjum og osti eru að koma á hér, t.d. eru egg vart fáanleg. Stakk hann uppá að reynt yrði að finna einhver ráð til að knésetja svona verslunarhætti. Þorvaldur Guðm. vildi mótmæla því fyrirkomulagi hjá Osta- og smjörsölunni að selja sínar vörur í smásölu. Á fundinum kom fram uppástunga um að krefjast hærri

ómakslauna fyrir sölu á smjöri, jafnframt að reyna að koma því í gegn að skemmd eða gölluð vara fengist bætt.

Samþykkt var að fela framkv.stj. Lárusi að skrifa framleiðsluráði og mælast til að afturkölluð verði auglýsing um sölufyrirkomulagi á eggjum.

Fundi slitið

Markús Ólafsson

[signature]

13. Febr. 1959.

Framhaldsfundur hófst kl. 10. f.h.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Apríl 1959.

Haldinn var fundur af Verðlagsnefnd ásamt Jóni Bergs forstj. og Guðjóni fulltr. fyrir Versl. Kjöt í Grænmeti.

Tekið var fyrir verðlagsmál á ýmsum vörum. Formaður gat þess að fyrirhugað væri verðskráning á áleggi. Lárus ~~Pétursson~~ skýrði frá gangi verðlagsmála við Verðlagsstjóra síðastl. 2 mánuði.
Jón Bergs skýrði frá sinni reynslu við Verðlagsstjóra og gat þess að hann hefði orðið að senda framleiðsluútreikning fyrir rúllupylsu, kæfu, skinke o.fl. t.d. hangikjöti og lambasteik.

Samþykkt var að reyna að ná fundi við Verðlagsstjóra og fá að vita hvers hann óskaði frekar.

Fundi slitið.

M. Ólafs

J. Guðmundsson

Þriðjudaginn 19. Maí 1959 var haldinn stjórnarfundur. Þorbj. Joh. setti fundinn í forföllum formanns.

Dagskrá aðalfundar var lögð fram, sem halda á fimmtudaginn 21. Maí í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands við Klapparstíg. Fundurinn samþykkti að senda frá aðalf. mótmælasendingar til Osta- og smjörsölunnar, eggjadreifingasölunnar, sölufél. garðyrkjumanna og afurðasölu S.Í.S. jafnframt að mótmæla smásöluálagningu á kjöti og unnum vörum.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson

Marinó Ólafsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur var haldin Fimmtudaginn 28. Maí 1959 kl. 2½.
Formaður Þorbj. Jóhannesson setti fundinn.
Fyrst skifti stjórnin með sér verkum: Þorvaldur Guðmundsson, varaform. Jón Eyjólfsson, gjaldkeri og Valdimar Gíslason, ritari.
2. Samþykkt var að birta samþykkt Aðalfundar um Osta- og smjörsöluna, og Eggjasölunnar og grænmetissölunnar. Samþykkt að senda Verðlagsstj. samþ. um verð á pylsum og farsi. Einnig að senda framleiðsluráði samþykkt um verðskráning o.fl. á kjöti t.d. að merkja kjötskr. með þyngd.
3. Lárus Pétursson skýrði frá umræðum sem hafa orðið um verkaskiftingu milli verslana sérstaklega milli kjötverslana og nýlenduvöruverslana. Jafnframt skýrði hann frá því að form. nýlenduverslana muni hafa samband við form. um þetta. Uppástunga er komin fram um að bættan sé úr skorti um verkaskiftingu

Samþykkt var að fela formanni að leysa þetta mál á sem friðsamlegasta hátt
4. Samþykkt var að halda áfram samningum við matvörukaupmenn um betra afgreiðslu frá Osta- og smjörsölunni
5. Formaður skýrði frá að framleiðsluráð hefði fengið afrit af bréfi frá Viðskiftaráðuneytinu um verðlagsmál á kjötvörum o.fl. sem hann mun fá að lesa og kynna sér. og kalla saman fund um þetta atriði
Fleira ekki tekið fyrir

Þorbjörn Jóhannesson.
[illegible] Ólafsson

Stjórnarfundur í Fél. kjötverzlana haldinn í skrifstofunni K.Í. kl. 2 em. Formaður Þorbjörn Jóhannesson setti fundinn og skýrði frá að hann ásamt Marinó Ólafssyni hefði að undanförnu átt fundi með framleiðsluráði landbúnaðarins út af verðlagningu á landbúnaðarvörum einnig sagði hann frá bréfum sem ~~fél~~ hann hefði skrifað viðkomandi aðilum um þetta efni sem hann bað framkv.stj. að lesa upp fyrir fundarmönnum sem hann gerði.
Bréf þessi voru ítrekingar á áður gerðum fundarsamþykktum félagsins.
Farið var yfir verðlista frá 3/3 '59 til glöggvunar. Haft var samband við fulltrúa Jón Sigurðsson í stjórnarráðinu upplýsti hann að bráðabirgðalög yrðu gefin út jafnvel í dag varðandi verð landbúnaðarvara.
Ákveðið var að gefa út verðlista í samræmi við ákvörðun framleiðsluráðs. eftir að bráðabirgðalög yrðu gefin út.

Lárus Pétursson skýrði frá að hann ásamt formanni Fél. matvörukaupmanna hefðu átt tal við framkv.stj. Eggjasölunnar út af kvörtunum kaupmanna út af skemmdri vöru, kvartanirnar voru teknar til greina.
Framkv.stj. gat þess að viðskiptamálaráðherra hefði skipað nefnd til að finna leið til að afnema skömmtunarmiðana.

Fundi slitið

Fleira gerðist ekki.

Þorbjörn Jóhannesson
[illegible]
[illegible]
Valdimar Eiríksson
[illegible]
Marinó Ólafsson
Lárus

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 16. nóvember 1959 var haldinn stjórnarfundur að Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Verðlagsmál. Formaður um nýjan verðlista yfir kjötvörur vegna bráðabirgðalaganna. Þá rifjaði hann upp þau bréf og erindi, sem félagið hefur sent ýmsum aðilum frá síðasta aðalfundi, bæði um verðlagsmál og bætta þjónustu til félagsmanna frá þeim, sem selja í heildsölu og einnig bréf til Framleiðsluráðsins, en engum þessara aðila hefur svarað.
Formaður vakti athygli á að við myndun nýrrar ríkisstjórnar, kæmi til greina að hætta niðurgreiðslum og þyrfti því þessvegna að vera vel á verði í álagningarmálunum.
Samþykkt að taka þessi mál upp að nýju og ganga eftir svörum.

2. Í október skrifaði Búnaðarfélagið um boð um að senda fulltrúa á mót í Brüssel um kjötdreifingu. Tók Valdimar Gíslason að sér að fara, án kostnaðar fyrir félagið.

3. Grænmetisverzlunin hefur haft samband við formann um innflutning á grænmeti fyrir hátíðarnar.

4. Í vetur verður komið upp kennslu fyrir afgreiðslufólk í samvinnu við Verzlunarskólann. Hefur verið snúið sér til félagsins og fleiri aðila um fjárframlög vegna skrifstofukostnaðar. Var samþykkt að leggja fram kr. 5.000.- úr félagssjóði í þessum tilgangi.

5. Félag kjötiðnaðarmanna og Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hafa sagt upp kjarasamningum frá 1. desember n.k.

6. Sigurður Árnason á 70 ára afmæli í dag og var honum send skeyti.

Þorbjörn Jóhannesson. J. C. Klein

Jón Bjarnason Piggo Nörg.

Lárus Pétursson
ritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 29. febr. 1960 var haldinn stjórnarfundur að Laugaveg 22 kl. 8 30
Formaður Þorbj. Jóhannesson setti fundinn og skýrði frá verðbreytingum á dilkakjöti. Álag í smásölu er óbreytt að krónutölu, sem bætir prósentuna upp í 25% á súpukjöti.
Vinnsluvörurnar hafa lítið breyst, nema bjúgu, sem lækka um kr. 2.50 pr. kg.
Aðrar vinnsluvörur lækka ekki vegna þeirra efna sem hækka á móti.
Smásöluverð á nautakjöti og folaldakjöti er óbreytt frá því sem var. Það er gert með tilliti til þess að ekki verði hreyft við öðru verði á listanum af verðgæslustjóra.
Nýr verðlisti í heildsölu og smásölu á kjöti og kjötvinnsluvörum var lagður fram og samþykkt að selja eftir honum frá 1. marz 1960
Framkv.stj. Kaupmannasamtakana skýrði fundinum frá aðgerðum samtakanna gagnvart ríkisstjórninni og fyrirhuguðum aðgerðum hennar gegn smásöluverslunum.
Fleira gerðist ekki og fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson.
Marinó Ólafsson
Valdimar Gíslason
J. Guðmundsson
[illegible]
Jón Bjarnason
J.H. Klein

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur haldinn 30. marz 1960
að Laugaveg 22 Kl. 8[55]

Formaður setti fundinn og skýrði frá verði á verðlista og hugsanlegum breytingum í sambandi við væntanlegan smásöluskatt.

Framkv.stj. skýrði frá samtali sínu við verðlagsstj. og hvernig ætlast sé til að verðbreyting í samb. við smásöluskatt verði gjörð. Listi þaraðlútandi hefir verið sendur öllum meðlimum fél. og lagður fram á fundinum.

Formaður skýrði frá bréfi sem meðlimum hefði verið sent frá 4 kjötheildsölum og óskaði álits fundarins um hvernig ætti að svara því. Uppkast af bréfi sem skrifstofa fél. hefur gjört var lesið af formanni. Jafnframt las formaður upp bréf frá 28. Júlí 1959 sent Sambandinu, Sláturfélaginu og Verslanasambandinu, sem hefur ekki ennþá verið svarað af þessum aðilum. Samþykkt var að senda framangreint bréf ásamt tilvitnunum í bréfið frá 28. Júlí s.l.

Nýr verðlisti yfir kjöt og kjötvörur verður birtur til og sendur meðlimum strax og fært er.

Samþykkt var að fá aðstoð Kaupmannasamtakanna um fyrirgreiðslu vegna skerðingar á greiðslufresti á nýju og frosnu kjöti.

Formaður las bréf frá Osta- og smjörsölunni sem var svar við bréfi fél. 28. Júlí s.l.

Samþykkt var að undirbúa aðalfund svo fljótt sem hægt er eftir að búið er að ganga frá væntanlegum verðbreytingum.

Marinó Ólafsson

Þorbjörn Jóhannesson Valdimar Eiríksson
Viggó M. Sigurðsson

Ár 1960, mánudag 9. maí var haldinn stjórnarfundur í félagi Kjötverzlana í Reykjavík að Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1. Verðlistar frá 13. apríl. Engar athugasemdir gerðar við þá.

2. Lokun í hádegi í sumar. Mættir stjórnarmenn samþykkir lokun.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Aðalfundur. Samþykkt var að halda aðalfund félagsins hinn 16. maí n.k. kl: 8.30 hér í skrifstofu samtakanna.

4. Athuga að bjóða þeim kjötverzlunum, sem ekki eru þegar í félaginu aðild fyrir aðalfund.

Fundi slitið

Þorbjörn Jóhannesson
Jón Eyjólfsson
Valdimar Gíslason
Viggó M. Sigurðsson
J. Guðmundsson
Magnús Ólafsson

Stjórnarfundur í Fél. Kjötverzlana haldinn 1. júní '60, að Laugavegi 22 kl. 14.00.

1. Stjórnin skipti með sér verkum Varaformaður Jónas Guðmundsson, Gjaldkeri: Jón Eyjólfsson, Ritari: J. C. Klein, til vara: Jón Bjarnason formaður. 2. Formaður las ályktun síðasta aðalfundar, og var form. og varaform. falið að koma þeim á framfæri. 3. Form. ræddi um verðlag á grænmeti og lagfæringar á því. Verðlagsnefnd var falið að hafa samráð við Fél: Matvörukaupmanna um bætta álagningarprósentu á grænmeti og lagfæringu á skemmdum vörum, einnig að endurtaka viðræður við Grænmetisv. [?] landbúnaðarins um dreifingu á garðávöxtunum [?]. 4. Samþykkt var að álagning á nýjan lax skyldi vera 25% á heilan og hálfan lax, en 40% á afskurð[?] og sneiðar. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson
Jón Bj. formaður.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1960, mánudaginn 15. ágúst: Fundur haldinn í stjórn félags Kjötverzlana í Reykjavík haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

Verðlagsmál.

Rætt var um smásöluálagningu á kjötvörum. Stjórnin var sammála um að álagningin í smásölunni væri orðin alltof lág vegna þeirrar öfugþróunar, sem verið hefur á undanförnum árum að álagningin hefur sífellt farið lækkandi þrátt fyrir síhækkaðan verzlunarkostnað, en nú er svo komið að mikill hluti kjötafurða er kominn með minna en 20%. Var verðlagsnefnd falið að freista þess í sambandi við væntanlegar verðbreytingar landbúnaðarafurða í haust að fá leiðréttingu.

2. Enn fremur var stjórninni falið að ræða við forstjóra osta- og smjörsölunnar um betri lánskjör, þ.e. að greiðslufrestur verði til 20 eða 25 dag eftir úttektarmánuðinn.

Rætt var almennt um hin ýmsu hagsmunamál félagsins. M.a. var Sveini falið að halda áfram tilraunum sínum til þess að fá leiðréttingu á þeirri álagningarskerðingu á eggjum sem fylgt í auglýsingu framleiðsluráðsins í dag.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson

Jón Björn Þórðarson

Jón Ingólfsson

Ár 1960, þriðjudag 13. september var stjórnarfundur haldinn í F.K.í R. að Laugavegi 22.

Mættir Viggó, Þórhallur, Jónas og Jón Þórðarson.

Fyrir var tekið:

Verðlagsmál:

Framleiðsluráð landbúnaðarins og 6 manna nefndin sitja nú á fundi í dag til þess að ákveða haustverð dilkakjöts.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1960, mánudaginn 15. ágúst: Fundur haldinn í stjórn félags Kjötverzlana í Reykjavík haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

Verðlagsmál.

Rætt var um smásöluálagninguna á kjötvörum. Stjórnin var sammála um að álagningin í smásölunni væri orðin alltof lág vegna þeirrar óþægjuþróunar, sem verið hefur á undanförnum árum að álagningin hefur sífellt farið lækkandi þrátt fyrir síhækkaðan verzlunarkostnað, en nú er svo komið að mikill hluti kjötafurða er kominn með minna en 20%. Var verðlagsnefnd falið að freista þess í sambandi við væntanlegar verðbreytingar landbúnaðarafurða í haust að að fá leiðréttingu.

2. Ennfremur var stjórninni falið að ræða við forstjóra osta- og smjörsölunnar um betri lánskjör, þ.e. að greiðslufrestur verði til 20 eða 25 dag eftir úttektarmánuðinn.

Rætt var almennt um hin ýmsu hagsmunamál félagsins. M.a. var Sveini falið að halda áfram tilraunum sínum til þess að fá leiðréttingu á þeirri álagningarskerðingu á eggjum sem fylgt í auglýsingu framleiðsluráðsins í dag.

Fleira ekki fyrir tekið.

Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson
Jón Bjarni Þórðarson
Jónas Eyjólfsson

Ár 1960, þriðjudag 13. september var stjórnarfundur haldinn í F.K.í.R að Laugavegi 22.

Mættir Viggó, Þorvaldur, Jónas og Jón Þórðarson.

Fyrir var tekið:

Verðlagsmál:

Framleiðsluráð landbúnaðarins og 6 manna nefndin sitja nú á fundi í dag til þess að ákveða haustverð dilkakjöts.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefur framleiðsluráðinu verið tilkynnt að kjötverzlanir geti á engan hátt haldið áfram sölu sauðfjárafurða nema álagning verði prósentvís ekki lægri en á s.l. hausti og skv. tilkynningu frá 1. apríl s.l.

Kl: 16.30 fóru formaður og varaformaður ásamt framkvæmdastjóra á fund framleiðsluráðs og 6 manna nefndarinnar og rökstuddu þar kröfur sínar, svöruðu fyrirspurnum og lögðu spurningar fyrir ráðsmenn. Virtist nokkur skilningur vera fyrir þörf fullrar álagningar miðað við það er áður var, hvort sem þar kröfur verða til greina teknar eða ekki. Þá var einn þeirra borin fram ósk um það, að fulltrúi frá félaginu eða samtökunum fengi að vera viðstaddur sjálfa afgreiðsluna á álagningarákvæðunum, en ekki fékkst það þó samþykkt.

Formaður gerði tillögu um það, að meiri verðmunur væri hafður á milli súpukjöts og annara tegunda svo sem hryggjar, læra o.s.frv. Ennfremur að hann teldi álagningu á hangikjöt of lága, þar sem mestur hluti rýrnunarinnar kæmi fram hjá smásöludreifendum kjötsins, þar sem venjulegast væri komið með kjötið beint úr ofninum í búðirnar og eftir að það væri þar hengt upp kæmi aðalrýrnunin fram.

Nefndin skrásetti í sína gerðarbók framkomnar tillögur og rökstuðning.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson

~~Ár 1960, fimmtudaginn 20 október 1960, var fundur haldinn í stjórn Fél. Kjötverzlana að Hverfisg. 32. Fyrir var tekið: Rætt var um lokunartíma sölubúða,~~

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1960, miðvikudag 5. október var stjórnarfundur haldinn í Félagi Kjötverzlana í Reykjavík haldinn á Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

1.) Verðlagsmál. Formaður skýrði frá störfum verðlagsmálanefndarinnar. Lagðir voru fram verðlistar, sem fjölritaðir hafa verið af skrifstofunni nú í dag. Lýsti formaðurinn því að yfirleitt væri um sömu smásöluálagningu prósentvís á unnu vörunum, en nokkur hækkun álagningarinnar hafi fengizt á álagningu á Kjötfars. ~~til hækkunar~~
Farið var yfir listana og þeir athugaðir nánar. Var ekki breytt athugasemdum við listana og voru þeir samþykktir eins og þeir liggja fyrir.

Fjarverandi Þorvaldur Guðmundsson sem erlendis, J. C. Klein, sem er veikur.

Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson  Jón Björn Jónsson

Ár 1960, fimmtudaginn 20. okt 1960 var stjórnarfundur haldinn í fél. Kjötverzlana í R.vík að Laugaveg 22.

Fyrir var tekið:

Rætt var lokunartíma sölubúða um lokun á laugardögum, því fundur hjá V.R. samþykkti að loka verzlunum kl. 1 e.h. ef ekki næst samkomulag milli deiluaðila kemur til verkfalls hjá starfsfólki n.k. laugardag. Verðlagsstjóri kærði til framleiðsluráðs landbúnaðarins út að verði á saltkjöti sem var selt á mismunandi verði frá 24.00 og allt upp í 27.00 pr.kg. ~~Sam~~ Samkomulag náðist um ~~saml~~ að verðið væri 25.00 pr.kg.
Framleiðsluráð neitaði að samþykkja sama hlutfall í verðmismun á haustsöltuðu og léttsöltuðu kjöti á þeim forsendum að sá munur sem er innifalið í verði haustsaltaðs kjöts, hafi ekki áhrif á léttsaltað kjöt, og því ekki mismunurinn að vera 0.50 aurar en samkomulag náðist um að

mismunurinn skyldi vera ein króna.
Stjórnin tilnefndi eftirtalda menn í skemmtinefnd til undirbúnings skemmtunar með félagi matvörukaupmanna, þá: Magnús Geirsson, Eyjólf Guðmundsson og Valdimar Gíslason.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson Guðbjörn [illegible]

Mánudaginn 24. okt 1960, var haldinn að Laugavegi 22, stjórnarfundur, eitt mál var tekið fyrir, um lokunartíma sölubúða. Afgreiðslufólk var búið að boða vinnustöðvun eftir kl. 1 e.h. á laugardögum, samkomulag náðist með því að verzlanir skulu vera opnar til kl. 7 (19) á föstudögum en til kl. 13. á laugardögum til 1. des 60 eftir það, fyrsta laugardag í des til kl. 16[00] annan laugard. til kl. 18[00] og þann þriðja til kl. 22.[00] Þessi samningur gildir aðeins til.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31. des. 1960. Samþykkt var með öllum atkvæðum, samningu þá er gerður var milli Verzlunarmannafél. Reykjavíkur, og ~~stjórnar verzlunarmannafélagsins~~. Kaupmannasamtakanna.

Fundi slitið. Jón Björn Jónsson

Viggó M. Sigurðsson

Ár 1961, fimmtudag 26. janúar var fundur haldinn í stjórn Félags Kjötverzlana að Laugaveg 22.
Mættir Viggó Sig., J. E. Klem, Jón Eyj., Valdim. Þ. Jónas Gunn. og Þorv. Guðm. Eyj. Guðm.

Fyrir var tekið:

1. Formaður skýrði frá því að eggjasölusamlagið væri hætt störfum sem einkunnarstofnun. Eggjamat og álagning væri frjáls. Matvörukaupmenn hefðu talið, að ekki væri óeðlilegt að álagning væri ekki minni en 25% þegar eggin fara að lækka.

2. Bankamálin. Þorvaldur Guðmundsson skýrði frá því sem gerst hafði í bankamálinu í fáum orðum.

3. Árshátíð félags Matvörukaupmanna og félags Kjötverzlana. Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulag, mat og skemmtiatriði, en ákveðið er að skemmtunin verði 25. febrúar n. k. Ákveðið var að skrifa í búðirnar sem fyrst tilkynningar og óskir um þátttöku. Valdimar og Eyjólfur voru útnefndir til þess að ræða við fulltrúa matvörukaupmanna um undirbúning.

Fundi slitið

Viggó M. Sigurðsson

[illegible]

Ár 1961, fimmtudaginn 9. marz 1961. var stjórnarfundur haldinn í Fél. Kjötverzlana að Laugaveg 22. Mættir voru. Viggó Sig. Þorvaldur G. Jónas Gunnarsson, Jón Eyjólfsson og Jón Björnsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1. Formaður ræddi um inntöku þeirra verzlanna sem ekki eru í félaginu.
2. Að koma upp nefnd með fél. Matvörukaupmanna um lagfæringu á álagningu ýmissa matvara S.S. smjöri, ostum, smjörlíki og fl. vörum.
3. Rætt var um hækkun á umbúðarpappír og hvernig mætti bæta úr þessum vanda.
4. ~~Rætt~~ var ~~til~~ forstj. S.S. um dreifingu á kjöti og óskað eftir að þeir hættu sölu kjöts í smásölu, Rætt var við forstj. Osta & Smjörsölunnar um lengri frest á greiðslu smjörs & osta.
5. Ákveðið var að boða aðalfundi og halda hann við fyrsta.

Fundi slitið

Viggó M. Sigurðsson    [illegible]

Ár 1961 fimmtudag 6. apríl var stjórnarfundur haldinn á Laugavegi 22. Mættir voru V. Sig. J. Gunn. J.B.P. og J.E. Klein.

Fyrir var tekið:

Undirbúningur undir aðalfund:
1. Rætt var um tillögur til skipunar í hinar ýmsu nefndir.
2. Fyrir fundinum lágu tillögur um breytingar á launasamningum við Félag ísl. kjötiðnaðarmanna. Ákveðið að senda tilkynningu til félagsins um móttöku bréfsins, en með því aðalfundur standi fyrir dyrum ~~[struck through]~~ verði erindinu vísað til komandi stjórnar.
3. Svar osta- og smjörsölunnar við erindi félagsins um breytingu á gjalddögum vöruvíxla: Synjun.
4. Framkvæmdastjóra falið að semja skýrslu stjórnar.
5. Inntökubeiðni Vogavers h/f samþykkt.

Viggó M. Sig.    Fundi slitið

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961. Þriðjudaginn 11/4. var stjórnarfundur haldinn í Fél. Kjötverzlanna að Laugaveg 22. Mættir voru: Viggó M. Sig. Jón Eyjólfsson, J. C. Klein, Jón B. Þórðarson. Eitt mál var tekið fyrir: Eftirtaldar verzlanir voru samþykktar inn í félagið: Melabúðin, Hagamel 39, Austurver, Skaftahlíð 22, Matvöruverzlun Tómasar Jónssonar, Ásgarði 22, „Heimakjör" Sólheimum 29-33. Kaupmannasamtök Íslands hafa ákveðið að félagsgjöld skulu hækkuð um tvöhundruð %o, svo þau verði sjöhundruð %o árið 1961. Formaður upplýsti kjötbirgðir 1. marz 1961. sem voru eftirfarandi: D.I. 3876 tonn (4350 tonn) sem er allmikið minna magn en árið áður, en þar á móti var flutt út allmikið magn síðastliðið ár miðað við þennan tíma, sem ekki verður ~~gert~~ líkindum gert í ár. Nafn verzlunarinnar Þróttar, Samtúni 11. féll niður, og var hún einnig samþykkt samhljóða.

Klein var ekki við

Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson

[illegible]

Ár

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1961. fimmtudag 6. júlí var fundur haldinn í Fél. Kjötv. að Laugavegi 22. kl. 14.00.

Mættir voru: Viggó Sig. Jónas Gunnarsson. J. B. Pét. og Svavar Guðmundsson úr ~~[illegible]~~ - ~~[illegible]~~ verðlagsmálanefnd.

1. Form: skýrði frá launakröfum kjötiðnaðarmanna, sem nú eru með lausa samninga. Þegar hafa verið haldnir tveir viðræðufundir að þeim viðræðum loknum virðist liggja ljóst fyrir að kjötiðnaðarmenn munu ekki sætta sig við sömu kjarabætur og aðrar iðngreinar hafa þegar samið um.

2. Form: upplýsti að samningsviðræður þær við V.R. sem staðið hafa undanfarnar vikur voru, virðast nú vera komnar á lokastig, enda liggur fyrir ákveðið loforð Stjórnarvaldanna um leiðréttingu á núgildandi verðlagsákvæðum.

Fundi slitið.

Viggó M. Sig. — Jón Björn Guðm.

Ár 1961, fimmtudaginn 20. júlí var haldinn fundur stjórnar félags kjötverzlana, svo og verðlagsmálanefndar félagsins.

Fyrir var tekið:

1) Formaður skýrði frá því að dilkakjötsbirgðir í landinu væru nú til þurrðar gengnar, samkvæmt upplýsingum frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

2) Ennfremur kom formaður með uppskrift af niðursöguðum dilkskrokk og sýndi fram á að misræmi væri í verðlagningu hinna einstöku hluta kroppsins. Taldi hann brýna nauðsyn vera á því að koma hér samræmi, fyrst og fremst væri nauðsynlegt að hækka nokkuð verð framhryggjar.

3) Lagðir voru fram kaup- og kjarasamningar sem gerðir hafa verið við Félag ísl. kjötiðnaðarmanna, en þeir voru undirritaðir 19. þ.m. Samningar þessir voru hliðstæðir samningum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við önnur félög iðnaðarmanna.
Voru samningarnir síðan nokkuð
ræddir, en að lokum samþykktir.
4 J.C. Klein falið að endurtaka tilraun
Viggós um sundurhlutun og vigtun
dilkskrokks.
Fleira ekki tekið fyrir
Jónas Gunnarsson.
Viggó M. Sigurðsson
Jón Bjarni Björgvinsson J.C. Klein

Ár 1961. Laugardaginn 12. ágúst 1961, var
haldinn fundur í stjórn Fél. Kjötverzlana
ásamt verðlagsmálanefnd félagsins.
Mættir voru Viggó M. Sig. Jónas Gunnarsson
J.C. Klein, Jón B. ~~[illegible]~~ og Svavar Guðmundsson
að hálfu verðlagsmálanefndar.
1. Formaður upplýsti að hann, Jónas Gunnars.
Þorvaldur G. ásamt Sveini Snorrasyni framkvst.
nefndarinnar á fund Sveins Tryggvasonar framkv.stjóra
framleiðsluráðs og sýndu honum útreikning
í sambandi við verðbreytingu á ýmsum
pörtum Dilkaskrokks út af verðlagi
á nýslátruðu dilkakjöti sem byrjar
í næstu viku (sumarslátrun). Sveinn
Tryggvason upplýsti að 6. manna
nefndin hefði setið á fundi í
heilan sólarhring, og samþykktu
þeir að láta krónutöluna halda sér
í álagningu, þrátt fyrir stórhækkað
verðlag á sumarslátruðu dilkakjöti,
hvort kjötið er niðurgreitt eða óniður-
greitt fer álagningin niður í
12% – 15%. Var Sv. Tryggvasyni sýnd
rök fyrir því að útilokað væri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að dreifa kjöti af sumarslátrunu ~~með~~ þessari % ~~háu~~ álagningu
Sveinn Tryggvason skýrði þeim frá því að verð á dilkakjöti yrði auglýst n.k. þriðjudag. þ. 15. ágúst.

2. Stjórnin ákvaðin að ~~halda~~ almennan félagsfund n.k. mánudag, til að fjalla um þessi mál.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Viggó M. Sigurðsson    Jón B. ~~Hallur~~

Þ. Ólafsson    Sverrir Guðmundsson

Jónas Gunnarsson

Mánudaginn 14 ágúst kl 14,30 var stjórnarfundur haldinn í Félagi Kjötkaupmanna í Reykjavík. Mættir voru. Viggó M. Sigurðsson. Jónas Gunnarsson. Jón B. Þórðarson Þorvaldur Guðmundsson Marinó Ólafsson og Sverrir Guðmundsson úr verðlagsnefnd. Tekið var fyrir.

1 Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

2. Sveinn Snorrason framkvstj. K.S. skýrði frá því að Sveinn Tryggvason framkv.stj Framleiðsluráðs landbúnaðarins hefði kallað saman á ný hina svokölluðu sex manna nefnd til að endurskoða afstöðu sína gagnvart þeirri lágu álagningu sem ákveðin hafði verið á sumarslátruðum dilkum. Árangur þess fundar varð sá að nefndin féllst á að hækka álagningar % úr því sem áður var ákveðið um 25 % eða upp í ca 16 %. Þetta þótti stjórninni langt frá því að vera fullnægjandi, því sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

krafa félagsins er 25% álagning minnst.
Með tilliti til þessara staðreynda var samþykkt ályktun þess efnis að útilokað væri að dreifa kjötinu fyrr en þeirri lágmarks kröfu væri fullnægt að álagning á kjöti miðað við smásöluverð og verð á heilum skrokkum sé 25%. Ennfremur að leita sér fyrir samstarfi dreifingaraðila varðandi þetta mál.
Samþykkt var að halda almennan félagsfund um málið í Tjarnarcafé um kvöldið.
Miklar umræður urðu um þetta mál og verðlagsmálin í heild og ríkti algjör einhugur um málin í heild og voru menn mjög ákveðnir í að knýja fram leiðréttingu.
Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið. Jónas Gunnarsson

H. Klein. Jón Sv. Þórarinsson. Viggo M. Sigurðsson
Markús Ólafsson

Ár 1961, miðvikudag 13. september var fundur haldinn í stjórn og verðlagsnefnd Félags Kjötverzlana í Reykjavík að Laugavegi 22.

Fyrir var tekið:

<u>Verðlagsmál:</u>

Smásöluálagning á vinnsluvörum.
Tillögur formanns að álagning yrði að meðaltali 30-35%, þó þannig að álagning á pylsum og áleggi verði ~~um~~ 25% í heilum og hálfum stykkjum en 45% í sneiðum auk söluskatts. Pylsur pakkaðar 28% og ópakkaðar 36% og aðrar vinnsluvörur eins. Var grundvöllur þessi samþykktur samhljóða atkvæðum.

Fleira lá ekki fyrir fundi.
Fundi slitið
Gunnar Sigurðsson

Viggo M. Sig.
Jón Bjarnason (?)
[illegible]
Jónas Gunnarsson
Markús Ólafsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1961 fimmtudaginn 28 september var fundur haldinn í stjórn Félags Kjötverzlana í Reykjavík auk stjórnar félagsins voru mættir á fundinum úr verðlagsnefnd [illegible] Guðmundsson og Garðar H. Svavarsson.

Tekið var fyrir.

1. Fyrir fundinum lá verðlagsákvæði Framleiðsluráðs Landbúnaðarins um verðlag á dilkakjöti í haustslátrun. og reyndist meðal álagning dilkakjöts vera sú sama og síðastliðið ár. Hinsvegar fæst meira fyrir að selja hvern skrokk vegna hækkaðs verðs. Að þessu sinni hefur Framleiðsluráð ekki endanlega ákveðið verð á lærissneiðum og kótilettum, en ætlar að fara eftir tillögum félagsins í því efni. Álit fundarins var að hlutfallið milli verðlags á heilum lærum og lærissneiðum hafi að undanförnu verið rangt, þannig að minna hefur fengist fyrir að selja sneitt læri, en heilt og liggur því til að hlutfallsprósenta milli heils læris og sneiddra læra hækki verulega og verð á lærissneiðum verði 41.00 og kótilettur verði 37.95. Ennfremur lagði fundurinn til að sama hlutfall yrði milli verðs á súpukjöti og léttsaltaðs kjöts, og var síðastliðið ár eða 31.25 hvert kg.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Jónas Gunnarsson.
[illegible]
Viggó M. Sigurðsson
[illegible]
[illegible]
Carl Klein

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1961 þriðjudaginn 28 nóvemb. var stjórnarfundur í Félagi Kjötverzlana í Reykjavík að Laugavegi 22.
Mættir voru Viggó M Sigurðsson, Jón Eyjólfsson Jón B. Þórðarson J. C. Klein og Jónas Gunnarsson.
Tekið var fyrir.

1. Rætt var um að fara fram á við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur að breyta lokunartíma sölubúða þ.e.a.s. kjöt og nýlenduvöruverzlana um jólin þannig að í stað þess að hafa opið til kl. 10 laugardaginn 16 desember verði haft opið til kl. 4 þann dag en aftur á móti opið til kl. 10 þriðjudaginn 19 des. Var samþykkt að reyna að koma þessu til leiðar
2. Form. stakk uppá að halda árshátíð í Lido með Félagi Matvöruverzlana laugardaginn 27 janúar 1962. Tillagan var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið
Jónas Gunnarsson

Ár 1962, fimmtudag 1. marz var fundur haldinn í stjórn Félags Kjötverzlana.

Fyrir var tekið.

1. Formaður taldi nauðsyn að aðalfundur verði haldinn sem fyrst. Formaður kom með þá hugmynd, að fundurinn yrði hádegisverðarfundur, en sú hugmynd fékk ekki hljómgrunn. Ákveðið var að halda fundinn þriðjudag 13. þ.m. kl: 21.00.

2. Formaður gat um kjötbirgðir í landinu
um áramót 6.423. tonn dilkakjöt.
geldfjárkjöt 138. tonn
Ærkjöt 612. tonn.
og nema birgðir þá um það til 1300 tonnum meira en á sama tíma í fyrra. Mánaðarneyzla er talin rúm 500 tonn.
3. Stjórnin jafnaði niður gjöldum á félaga fyrir yfirstandandi ár, þannig. þeir sem ekki eru líka í félagi matvörukaupmanna greiði kr. 800.- pr. verzlun en hinir kr. 550. pr. verzlun.
4. Jónas benti á þá hugmynd að félagið kæmi sér upp merki, sem væri sameiginlegt

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tákn, væri til sölu á áberandi stöðum í búðinni. Félagsmenn gætu auglýst sameiginlega undir merki þessu og tryggt neytendum góða þjónustu.

5. Kvartanir berast stöðugt um sölu Sís og Sláturfélagsins beint til neytenda frá Afurðasölunni og sláturhúsinu.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

J. C. Klein

Viggó M. Sig.

[signature]

Ár 1962. Mánudaginn 12. marz var fundur haldinn í stjórn Fél. Kjötverzlana. Mættir voru: Viggó M. Sig. J. C. Klein, Jón Eyjólfsson. Jón B. [illegible] Jónas Gunnarsson.

1. Form. ræddi um að koma á hverfisstjórn í [illegible], líkt og í Fél. matvörukaupmanna var farið í að skipta verzlunum í hverfi. Sem síðan verður lagt fyrir aðalfund.

2. Í sambandi við dreifingu á kjöti hjá S.Í.S. og Sláturfélaginu, sem vakt var á síðasta stjórnarfundi, var form. falið að ræða það mál við heilbrigðisyfirvöldin.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Viggó M. Sig.

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1962 þriðjudaginn 29 maí var stjórnarfundur haldinn í Félagi Kjötverzlana í Reykjavík að ~~Klapparstíg~~ 26
Mættir voru Viggó M Sigurðsson Jónas Gunnarsson, Jón B Þórðarson og Jóhann Gunnlaugsson.
Tekið var fyrir:
1. Verkaskifti stjórnarmanna.
Varaformaður var kjörinn Jónas Gunnarsson Gjaldkeri Jón Tryggvason Ritari Þorvaldur Guðmundsson.
2. Form skírði frá, að líkur væru fyrir að dilkakjöt mundi endast til júlíloka, en hinsvegar væri orðið lítið um nautgripa kjöt og hrossakjöt algjörlega ófáanlegt.
3. Jónas Gunnarsson skírði frá að Helgi Bergmann væri að teikna merki fyrir félagið. sem yrði til sýnis á næsta fundi.
Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið
Viggó M. Sigurðsson Jónas Gunnarsson

Árið 1962 fimmtudaginn 22 ágúst var stjórnarfundur haldinn í félagi Kjötverzlana í Reykjavík. Auk stjórnar félagsins voru boðaðir á fundinn Verzlunarstjórar Félagsins og verðlagsstj. boðuð á fundinn.
Mættir voru Viggó M Sigurðsson, Þorvaldur Guðmundsson, Jónas Gunnarsson Jón B Þórðarson, Jóhann Gunnlaugsson ~~Ó~~ Svavar Guðmundsson og Valdimar Gíslason.
Tekið var fyrir:
1. Form skírði frá að hann hefði átt viðræður við Svein Tryggvason framkv.stj. Framleiðsluráðs Landbúnaðarins varðandi væntanl. verðlagningu á kjöti sumar og haustverð. Form. fór fram á að Félaginu yrði gefin kostur á að fylgjast með þeim málum og hafa áhrif á gang þeirra mála. Framkv.stj. Framleiðsluráðs Landbúnaðarins vildi ekki lofa neinu um að félagið fengi að hafa áhrif á verðlagninguna.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþykkt var að skrifa Framleiðsluráði og senda því þar bréfum um álagningu, sem nafilegar þakki.
Allmiklar umræður urðu um málið og var samþykkt að gera bréfu um 27% álagningu á súpukjöt og samsvarandi álagningarhækkun á aðra hluta skrokksins.
2. Form. skýrði frá að hann hefði átt viðræður við Guðna Þorgeirsson form. Félags Matvörukaupmanna og kom þeim saman um að halda sameiginlegan stjórnarfund beggja félaganna til að ræða það ástand, sem ríkir í verðlagningu landbúnaðarafurða.
Fleira var ekki tekið fyrir
Fundi slitið

Viggó M. Sig.

Jónas Gunnarsson

Árið 1962, laugardaginn 15. september var haldinn fundur í stjórn og verðlagsnefnd félags kjötverzlana. Fundurinn var haldinn í skrifstofu KÍ og hófst kl: 17.30
Formaður skýrði frá því, að hann og Jónas Gunnarsson hafi farið á fund 6-manna nefndarinnar í fyrradag. Hafi nefndin gefið í skyn að álagning á kjötvörur yrði þannig að álagningarprósentan yrði óbreytt á súpukjöt frá því í fyrra, en hins vegar myndi álagningin hækka eitthvað á lærum og hryggjum, án þess að tiltaka hver sú hækkun gæti orðið. Álagning á ost myndi eitthvað hækka, ótiltekið.
Ákveðið var að leita samstöðu annarra dreifingaraðila og boða til nýs fundar n.k. mánudag kl: 15.30
Fundi slitið kl: 19.00.–

Viggó M. Sig.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1962 miðvikudaginn 17 okt.
var haldinn stjórnarfundur í
Félagi Kjötverzlana í Reykjavík.
Mættir voru Viggó H. Sigurðsson, Jónas
Gunnarsson, Jón B. Þórðarson, Jóhann
Gunnlaugsson ~~og~~ J. C. Klein. Garn. Guðm.

1. Smásala á kjötvörum hjá S.Í.S.
og Sláturf. Suðurlands í heildsölu.
Fundarmenn voru sammála um
að það ástand sem ríkir í þessum
málum sé algjörlega óviðunandi.
Samþykkt var að skrifa Borgarlækninum
í Reykjavík og kvarta yfir að þessum
aðilum líðist að dreifa þessum
viðkvæmu vörum við frumstæðustu
skilyrði frá heilbrigðissjónarmiði
á meðan Borgarlæknisembættið
gerir stöðugt meiri kröfur til
Kjötverzlana varðandi allan ~~útbúnað~~ aðbúnað.

2. Rætt var um nýútkominn
verðlista Garn. Guðmundssonar, álitið
að ekki væri rétt samræmi í
verðlagningu hinna ýmsu hluta
þess með tilliti til þess
hvernig þessir hlutir eru
afgreiddir frá Kjötvinnslustöðunum
bæjarins. Samþykkt var að
verðlagsnefnd athugaði málið
betur og reyndi að samræma
verðið.

Fleira var ekki á dagskrá.

Fundi slitið.

Viggó H. Sig.

Jónas Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1962 fimmtudaginn
8 nóvember var haldinn sameigin-
legur stjórnarfundur í Félögum
Matvörukaupmanna og Kjötverzlana
í Reykjavík. Mættir voru Guðni
Þorgeirsson, Reynir ~~Eyjólfsson~~ Sveinn
Guðlaugsson, Einar Eyjólfsson,
Lúðvík Þorgeirsson og Jónas Sigurðsson
frá félagi Matvörukaupmanna
og Viggó M Sigurðsson, Jón Eyjólfsson,
Jón B Þórðarson og Jónas Gunnarsson
frá Félagi Kjötverzlana auk framkv.stj.
Kaupmannasamtakanna Sveini Snorrasyni.
Guðni Þorgeirsson setti fundinn
og tilnefndi sem fundarstj
Svein Snorrason.
Guðni Þorgeirsson ræddi því næst
um þörf þess að koma upp spjald-
skrá yfir starfsfólk verzlana
í Reykjavík, sem innihéldi
upplýsingar um nafni starfsfólksins
og kaupmenn gætu síðan haft
aðgang að. Ennfremur ræddi
Guðni um svokallað Narmtal
sem nú er í undirbúningi að
hrinda í framkvæmd.
Sveinn Snorrason fékk næstur til
máls og var hann mjög fylgjandi
að spjaldskrár málið næði fram
að ganga. Var síðan rætt
fram og aftur um hvernig framkvæmd
þessa atriðis yrði bezt fyrirkomið.
Viggó M Sigurðsson taldi að fjárhagsörðugleikar
Kaupmannasamtaka Íslands gætu komið
í veg fyrir þessar framkvæmdir svo
og aðrar. Vildi hann láta hækka
gjöld verzlana og ganga ríkar eftir
innheimtu en nú tíðkast.
Sveinn Snorrason skýrði frá gangi
mála í sambandi við opnunar og
lokunartíma sölubúða. Kvað hann
Sigurð Magnússon og Pál Líndal
vinna að tillögum til Borgar-
ráðs um þau mál og væri
þetta mál nú á lokastigi.
En tillögur þeirra verða lagðar
fyrir stjórn K.Í. og stjórnir einstakra

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sérgreina félaga áður en Borgar-
ráð fjallaði um málið.
Þá ræddi framkv. stjórinn nokkuð
um fyrirkomulag nærmtala og
útskýrði hvernig slíkt gengur
fyrir sig.
Samþykkt var að skipa 3ja manna
nefnd til að finna hentugasta
formið á nærmtölunum
Kosnir voru Reynir Eyjólfsson,
Sveinn Sveinsson og Jón B. Þórðarson.
Sveinn Snorrason skýrði frá að
~~H~~ V.R hefði sagt upp kaupgjalds-
ákvæðum í samningi við K.S.
kvað hann ekki hafa komið fram
kröfur um breytingar á kaupgjalds-
ákvæðum, sem snertu kaupmenn
að ráði, kröfurnar ~~t~~ væru aðallega
gerðar til hækkunar á kaupi
skrifstofufólks. Hinsvegar bíður stjórn
V.R eftir að heyra hverjar kröfur
annara stéttarfélaga og mun
væntanlega byggja þar til grundvallar.

Sveinn Snorrason ræddi, vegna uppástungu
Viggós M. Sig., varðandi fjárskort, um
fjárhagsafkomu K.S. Benti hann á
ýmsa kostnaðarliði á þessu ári,
sem hefðu orðið talsvert hærri
en gera hefði mátt ráð fyrir, og
þar af leiðandi væri nú um nokkurn
peningaskort að ræða.
Samþykkt var að formenn félaganna
Guðni Þorgeirsson og Viggó M. Sigurðsson aðstoði
skrifstofu K.S. við að vinna í framkvæmd.
~~starfsskrá~~ að koma upp starfsskrá
yfir afgreiðslu fólk verslana.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið.

Viggó M. Sig.

Jónas Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1962, mánudaginn 3. desember
var haldinn stjórnarfundur í stjórn
Fél. Kjötverzlana. Mættir voru:
Viggó M. Sigurðsson, Þorvaldur Guðmundsson
Jón Eyjólfsson, Jónas Gunnarsson, Jóhann
Gunnlaugsson, og Jón [illegible]
1. Formaður félagsins setti fundinn
og las upp fundrdrög að samþykkt
um afgreiðslutíma sölubúða.
2. Þorvaldur G. sagði að þetta væri spor í
öfuga átt, talaði hann um lokunartíma
í verzlunum á norðurlöndum, og þetta þekktist
hvergi nema hér, hann vildi að lokað
yrði alla daga kl. 18^oo nema föstudaga kl. 19-20
og laugardaga til kl. 13 allan ársins hring.
Jónas Gunnarsson taldi að það væri undarlegt
háttarlag hvernig þær tillögur væru bornar
fram, þ.e.a.s. að Sigurður Magnússon
og Páll Líndal, sem sömdu tillögurnar
lögðu þær fyrir Félag Matvöru-
kaupmanna og Félag Söluturnaeigenda,
áður en stjórn Kaupmannasamtaka Íslands
fékk málið til meðferðar, einnig
fékk stjórn V.R. tillögurnar

og stjórnarmeðlimir sérgreinafélaga
fengu sína fyrstu vitneskju um
efni málsins frá V.R.
Tillaga um þessi mál var samþykkt og
hljóðar svo:
Stjórnarfundur í Fél. Kjötverzlana í Reykjavík
haldinn 3/12 1962, álítur að lokunartími
Kjöt- og Nýlenduvöruverzlana skuli vera sem
hér segir: Mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga
fimmtudaga skal loka kl. 18. Föstudaga kl. 19.
laugardaga kl. 13. allan ársins hring, að
undanskildum desembermánuði. Vörur
sem seldar eru í söluturnum verði
takmarkaðar, og þeim lokað eigi síðar en
kl. 21^oo.

Fleira var ekki rætt
Fundi slitið.

Viggó M. Sig. [illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, mánudag 21. janúar var haldinn fundur í stjórn Félagskjötverzlana að Klapparstíg 26.

1. Erindi Borgarstjórans í Reykjavík um tilnefningu fulltrúa félagsins í nefnd til að fjalla um málefni varðandi væntanlega byggingar kjötstöðvar.
Tilnefndur var sem fulltrúi félagsins Þorvaldur Guðmundsson.

2. Svar borgarlæknis dags. 21. des. s.l. við erindi félagsins dags. 18. október s.l. Ákveðið var að svara bréfi borgarlæknis og þakka viðbrögði hans, en benda á að það sé í svarbréfinu SS og SÍS ekki tekin afstaða til aðalatriðamálsins, en þ.e. sala beint til neytenda utan sláturtíðar á alls konar kjötvörum auk heilla skrokka.

3. Árshátíð á Hótel Sögu 9. marz n.k. Skemmtinefndinni var falið að annast allan undirbúning.

4. Verðlagsmál. Formaður taldi að álagning á vinnsluvörur væri viðunandi, en hinsvegar hvergi nærri nóg á vörutegundum þeim er verðlagsráð landbúnaðarafurða ákveður, og þeim vörutegundum, sem helzt hafa áhrif á vísitöluútreikning. Ákveðið að beina þeim tilmælum til stjórnar K.Í.

Fleira ekki fyrir tekið
/ Sveinn Snorrason

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, þriðjudag 5. febrúar var fundur haldinn í stjórn Félags kjötverzlana.

1) Umræður urðu um 5% hækkun launa til verzlunarmanna. Jónas Gunnarsson mótmælti harðlega samþykkt hækkunarinnar og taldi hana ólöglega og gerða af umboðslausum aðilum. Taldi hann að höfuðsynd hafi verið að ganga að kröfum þessum og það þótt fyrir lægi yfirlýsing frá öðrum atvinnurekendum um að þeir vildu samþykkja hækkunina. Umræður urðu um þetta allheitar og sýndist sitt hverjum. Ályktun var ekki gerð um þetta efni.

2) Formaður upplýsti eftirfarandi um kjötbirgðir:

| | | |
|---|---|---|
| Dilkakjöt | : | 5.780,5 tonn |
| Geldfjárkjöt | : | 177.9 tonn |
| Ærkjöt | : | 1.115.2 tonn. |

3) Verðlagsmál. Rætt var um nauðsyn þess að fá bætta álagningu á kjötvinnsluvörunnar og hangikjöt og smjör. Taldi Jónas, að vegna 5% hækkunin yrði mikill þröndur í götu lagfæringar á álagningu.

Fleira ekki fyrir tekið.

Jónas Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, fimmtudaginn 21. febrúar var
haldinn sameiginlegur fundur stjórna
og hverfisstjóra Félags matvöruverzlana
og Félags kjötverzlana í Reykjavík.
Formaður Félags matvörukaupmanna
Guðni Þorgeirsson setti fundinn.
Fyrir var tekið:
1) Guðni Þorgeirsson skýrði frá því,
að stjórn Félags matvörukaupmanna
og Félags kjötverzlana hefði komið
sér saman um að koma á fót
spjaldskrá um starfsmenn
fyrirtækja innan þessara félaga
til hagræðis og upplýsinga fyrir
félagana. Lýsti hann síðan í hverju
hagræði þetta væri fólgið. Á fundinum
var útbýtt blöðum til hverfisstjóra
til þess að leggja í allar verzlanir
félagsmanna, en til þess er ætlast
að blöðum þessum, með skrám
um starfsmenn, verði skilað til
skrifstofunnar eftir um það bil
viku.

2) Rætt var nokkuð um væntanlega
tollskrá og fulltrúum skýrt frá því,
að af hálfu Kaupmannasamtakanna
hefði höfuðáherzla verið lögð á það,
að fá lækkuð aðflutningsgjöld af
rekstrarvörum, og mætti búast við
að einhver árangur yrði í þá átt,
og því var varhugavert fyrir kaup-
menn, að gera of mikil innkaup
á þeim rekstrarvörum sem hafa
verið með mjög háum aðflutnings-
gjöldum, eins og t.d. peninga-
kössum og kælitækjum.
3). Rætt var um það vandamál,
sem félagið hefur löngum mátt
við að stríða, sem er sala inn-
flytjenda og iðnfyrirtækja beint
til neytenda. Kosin var fjögurra
manna nefnd til þess að vinna
með stjórnum félaganna, að því
að reyna að koma málum
þessum í betra horf. Í nefndinni
voru Sigurður Matthíasson,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Óskar Jóhannsson, Jón B. Þórðarson og Jóhann Gunnlaugsson. Ennfremur kom til umræðu nokkuð um hvern hátt skyldi hafa við pantanir og sölu á páskaeggjum, en fundarmenn voru á einu máli um það, að mjög hefði borið á því á síðast liðnu ári, að sælgætisframleiðendur seldu beint til neytenda. Var um það rætt, hvort ekki ætti að reyna að ná samkomulagi við sælgætisframleiðendur, um það að eggin yrðu að þessu sinni eingöngu tekin til umboðssölu. Var hverfisstjórum því falið, að hvetja heldur félaga til að fresta pöntunum sínum, þar til niðurstaða væri fengin í þessu efni.
Fjörugar umræður urðu um öll þessi mál og tóku ýmsir til máls. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið.

Ár 1963, miðvikudaginn 27. marz, var haldinn stjórnarfundur í ~~fél.~~ Stjórn Félags Kjötverzlanna. Mættir voru: J. C. Klein, Jónas Gunnarsson, Jóhann Gunnlaugss. Jón B. Þórðarson og Viggó M. Sigurðsson.

1. Form. setti fundinn og ræddi um nýtt verð á kjötvörum, og í því sambandi var settur fram nýr verðlisti. Hækkun fékkst þó aðeins á dilkakjötið, en engin hækkun fékkst á kjötvinnsluvörur, þótt verðhækkun hafi orðið á flestum hráefnisvörum fyrir vinnsluvörur. Var verðlistinn síðan samþykktur með öllum atkvæðum.

2. Rætt var um að endurskoða lög félagsins. Las form. upp þau lög sem voru samþykkt þegar félagið var stofnað.

3 Samþykkt var að heiðra J. C. Klein og í því sambandi er áætlað að heimsækja hann n.k. laugardag, þar sem sæma átti hann sem heiðursfélaga „Félags Kjötverzlanna" á árshátíð félagsins, en gat ekki mætt vegna veikinda

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á þeim skemmtunum.
Fleira var ekki gert, fundi slitið
Viggó M. Sig.   Jónas Gunnarsson

Árið 1963 Föstudaginn 19 april var haldinn stjórnarfundur í Félagi Kjötverzlana í Reykjavík mættir voru Viggó M Sigurðsson, Þorvaldur Guðmundsson J. C. Klein, Jónas Gunnarsson, Jóhann Gunnlaugsson og Jón B Þórðarson
Tekið var fyrir
1 Form. Viggó M. Sig. setti fundinn.
2 Þorv. Guðmundsson lagði fram teikningu af Kjötmiðstöð v/ Laugarnesveg og skýrði frá væntanlegri tilhögun hennar, en hann (Þorvaldur) hafði kynnt sér það á fundi með Borgarlækni, Borgarritara, Halldóri H Jónssyni arkitekt ásamt fulltrúum kjötdreyfenda í bænum. Nokkrar umræður urðu um málið.
Skveðið var að á aðalfundi Félagsins, sem haldinn verður 22 þ. m. hafi Þorv. Guðmundsson framsögu um málið og leiti álits félagsmanna.
Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið
Viggó M. Sig.   Jónas Gunnarsson ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1963, mánudag 21. október var haldinn fundur stjórnar og verðlagsnefnda F.K. að Klapparstíg 26.

Fyrir var tekið:

Verðlagsnefnd skilaði tillögum um verð á vinnsluvörum og þeim kjötvörum öðrum, sem ekki hafa þegar verið verðlagðar. Var farið yfir listann allan og grein gerð fyrir einstökum liðum. Urðu um hann umræður, fyrirspurnir voru gerðar og þeim svarað og skýringar gefnar á útreikningum eftir því sem tilefni gafst. Var listinn síðan samþykktur.

2) Samþykkt var að styðja Kaupmannasamtökin í Kaupum á rafmagnsritvél svo að unnt sé að gera verðlistana samtímis úr garði.

3) Lagt var fram bréf frá Framleiðsluráði Landbúnaðarins dags. 5. þ.m. þar sem staðfest er verðlagning á blandað miðursagað kjöt.

4) Nokkuð var rætt um að halda fund með F.M. og F.K. helzt nú á miðvikudaginn til þess að skýra verðlistann og samræma annars verð- og afgreiðsluhætti. Þá var rætt nokkuð um vinnuhagræðingu og nauðsyn þess að kynna þau mál fyrir félagsmönnum. Var stjórninni falið að athuga möguleika á að fá mann frá IMSI til þess að kynna þessi mál í félaginu.

Fleira ekki fyrir tekið.
Fundi slitið.

Sigurbjörn Hannesson. [signature]

[signatures]

Árið 1963. Mánudaginn
28 október var haldinn sameiginlegur
stjórnarfundur Félags Kjötverzlana
og Félags Matvöruverzlana í Skrifstofu
Kaupmannasamtakanna.
Formaður Félags Matvöruverzlana
Guðni Þorgeirsson setti fundinn og
gaf Þorbirni Jóhannssyni orðið.
Þorbjörn gaf skýrslu um samskipti
K.S. og Ríkisstjórnarinnar um
verðlagsmál, las hann einnig
bréf, sem K.S. hafa sent Ríkis-
stjórninni um þessi mál og
fylgja þau fundargerðinni.
Að ræðu Þorbjarnar lokinni, tóku
til máls Guðni Þorgeirsson, og
Þorvaldur Guðmundsson. Þ.G. skýrði
frá því, að hann hefði átt tal
við viðskiptamála og landbúnaðar
ráðherra um verðlagsmál í
morgun, sagði hann að ráðherrarnir
hefðu ekki treyst sér til að
gefa neitt svar um hvort eða
hvenær leiðrétting væri að

vænta á þessum málum. Hinsvegar
stæðu nú yfir fundir hjá Ríkisstjórninni
um ~~það mál~~.
Guðni Þorgeirsson ræddi um álagningu
á vörum, sem væru án verðlagsákvæða
taldi hann að ekki væri nægilega
mikið samræmi í verðlagningu ~~þessara~~
vara og vildi að leitast væri við
að samræma verðlagið.
Guðni ræddi ennfremur um væntanlegt
verkfall verzlunarfólks en V.R. og
L.Í.V. hafa boðað verkfall frá
og með 4 nóvember. Urðu nokkrar
umræður um málið og samþykkt
að fresta ákvörðun um málið
þar til málin skýrðust betur.
Samkvæmt fundarsamþykkt
almenns fundar sem haldinn var
að Hótel Sögu miðvikudaginn 23-10
Var ákveðið að stjórnir félaganna
skipuðu fimm manna nefnd
til að athuga hvað hægt væri
að gera þeim til hjálpar sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vegna óraunhæfra verðlagsákvæða
væru í greiðsluþroti.
Þessir voru kosnir:
Björn Jónsson
Einar Bergmann
Jónas Gunnarsson
Óskar Jóhannsson og
Gunnar Guðmundsson
Nokkrar umræður urðu um
hvort ekki væri rétt að
verzlanir hættu að selja smjör
þar sem álagning á þá vöru
er svo lág, að langt er frá
að hún dekki dreifingarkostnaði.
Samþykkt var að fela verðlags
nefndum félaganna að athuga
málið, m. a. ræða við K.R.O.N.
S.Í.S. og Sláturfélag Suðurlands.
Guðni Þorgeirsson ræddi um
staðsetningu verzlana í Reykjavík
taldi hann ~~ekk~~ að of mikil
brögð væru að því að
verzlanir væru staðsettar hver

við hliðina á annari og yrði
það til þess að eyðileggja afkomu
manna, sem lagt hefðu í mikinn
kostnað við að koma upp fullkomnum
verzlunum. Þorv. Guðmundsson
tók að sér að athuga þessi
mál innan stjórnar K.S.
Björn Jónsson benti á að
nú væru Benzínsalar farnir
að selja sælgæti auk sígarettna
~~[illegible]~~, taldi hann þessa
aðila vera farna að ganga um
of inná okkar svið.
Samþ. að vísa málinu til framkvst.
Kaupmannasamtakanna.

Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Jónas Gunnarsson ritari.

[illegible]
[illegible]
[illegible]
Jóhann Gunnlaugsson
[illegible]
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur 14 ágúst 1964.
Mættir voru:
Jónas Gunnarsson,
J. C. Klein,
Jóhann Gunnlaugsson
Þorvaldur Guðmundsson.

Formaður Jónas Gunnarsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Fyrir var tekið:
I. Verkaskipting innan stjórnarinnar.
Varaformaður var kosinn Þorvaldur Guðmundsson, gjaldkeri Þorbjörn Jóhannsson ritari Jón Júlíusson.
II. Útnefning kvenfélsstjóra:
Óskar Jóhannsson
Valdimar Gíslason
Ólafur Björnsson
Jón B. Þórðarson.
Ásgeir Lúðvíksson.
III. Verðlag á kjöti.
Fram kom að álagning á nýju kjöti hefur verið ákveðin af Framleiðsluráði landbún aðar- ins 19,7 %.
Ákveðið var að mótmæla þessari álagningarprósentu skriflega við Framleiðsluráðið, og skrifstof- unni falið ásamt formanni að sjá um að koma mót- mælunum á framfæri.
Fleira var ekki tekið fyrir.

J. C. Klein — Jón K. Björnsson
fundarritari.
Þ. Guðmundsson — Jónas Gunnarsson
Jóhann Gunnlaugsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur 22 sept '64

Mættir voru:

Jónas Gunnarsson
J. C. Klein
Jóhann Gunnlaugsson
Jón B. Þórðarson
Jón Júlíusson og
Hörður H. Svavarsson fyrir verðlagsnefnd.

Formaður Jónas Gunnarsson setti fundinn og stjórnaði honum.

I mál, verðlagning landbúnaðarvöru, – kjötvöru, – 1964.

Formaður gat þess að stjórnin hefði farið fram á að fá viðtal eða fund með sexmannanefndinni, en vegna anna hefði nefndin ekki getað orðið við því. Nefndin hefði heldur ekki svarað bréfum sem henni hefðu verið send um verðlagsmálin.

Samþ. var að senda eftir-talda menn á fund landbúnaðarráðherra til viðræðna um verðlagsmál:

Jónas Gunnarsson,
Jón Júlíusson,
Jón B. Þórðarson og
Sveinn Snorrason framkv.stj.

II mál: Smásöluheildsala.

Samþykkt var að senda Jón Júlíusson og Hörð H. Svavarsson á fund S.Í.S. Sláturfélags Suðurlands og Verzlunarsambandsins til viðræðna um smásöluheildsölu þessara fyrirtækja.

III mál: Olía og smjörsala.

Nokkrar umræður urðu um þetta mál en engin ákvörðun tekin. Fleira var ekki tekið fyrir.

Jón L. Björnsson
fundarritari.

Jónas Gunnarsson form.

H. Klein  Jón Júl.  Jóhann Gunnlaugsson

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1964, fimmtudag 1. október var
haldinn fundur í stjórn F.K.V.
Auk stjórnar var mættur Jón
Bergs forstjóri S.S. og Ingólfur Ólafsson
forstj. KRON, svo og Ragnar Pétursson, kaupfélagsstjóri í Hafnarf.
Fyrir var tekið:
1) Verðlag landbúnaðarafurða.
Formaður skýrði sjónarmið stjórnar F.K.V. og álit
hennar um nauðsyn hærri álagningar á
landbúnaðarvörur. Formaður taldi rétt
að senda viðskiptamálaráðherra og ríkisstjórn
erindi um þetta efni og mótmæli.
Lagði formaður fram uppkast að erindum
er hann hafði gert um þessi efni. Jón Bergs
taldi sig ekki hafa umboð til þess að gera tillögur
um breytingar á lögum. Hins vegar gætu
allir fulltrúar skrifað undir ítrekanir á
kröfum til 6 manna nefndar svo og erindi
til viðskiptamálaráðuneytisins um að það
beitti sér fyrir því að 6 manna nefndin
endurskoðaði afstöðu sína og rökstyddi
synjun sína ef hún hana er áfram-
haldandi að ræða.
Fleira ekki fyrir tekið.

Ár 1964, fimmtudaginn 22.
október var haldinn fundur í
stjórn Félags kjötverzlana, auk
stjórnarinnar var mættur frá
verðlagsnefnd félagsins
Garðar H. Svavarsson
Fyrir var tekið:
I. Verðlagsmál. a) kjötvara í
heildsölu. b) kjötvara í
smásölu.
Verðlisti yfir kjötvörur í
heildsölu og smásölu var lagður
fram á fundinum, af for-
manni, Jónasi Gunnarssyni,
og taldi hann hafa samið
við fulltrúa frá S.Í.S. og S.I.S.
um samningu listans.
Nokkrar umræður urðu um
verðlistann, og var hann sam-
þykktur með fyrirvara um það
að áfram yrði unnið að því
að fá leiðréttingu á honum.
Fundurinn samþykkir að
fela framkvæmdastjóra Kaup-

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

mannasamtaka Íslands að skrifa formönnum allra þingflokkanna bréf og krefjast þess að smásalar fái fulltrúa í sexmannanefnd-inni.

Jónas Gunnarsson

Jóhann Gunnlaugsson Helgi [illegible]
[illegible] [illegible]

Ár 1964 föstudaginn 27. nóvember, var haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverzlana.

Á dagskrá voru kvöldsölumálin.

Nokkrar umræður urðu um afstöðu V.R. til málsins, með hliðsjón af félagsfundi í því félagi í gærkvöldi.

Nafnakall var viðhaft um umsóknir meginþorra matvörukaupmanna til borgarstjórnar, um kvöldsöluleyfi og fór það þannig að af 12 mönnum sem á fundi voru tjáðu allir sig samþykka umsækjendunum, sem meirihluti réði. Fundi slitið.

Jón I. Bjarnason
fundarritari.
Jónas Gunnarsson
form.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1964, þriðjudaginn 1. des. var fundur haldinn sameiginlega í stjórnum Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverzlana.

Á dagskrá voru lokunarmálin svokölluðu.

Mættir voru níu stjórnarmenn úr stjórnum nefndra félaga. Samþykkt var að boða til fundar með þeim sem sótt hafa um leyfi samkvæmt 3. grein samþykktar um afgreiðslutíma í Reykjavík o. fl. um kvöldverzlun matvörubúða.

Kosin var 3ja manna nefnd til þess að fara á fund borgarstjóra á morgun, - miðvikudag, - og voru þessir menn kosnir í nefndina: Guðni Þorgeirsson, Björn Jónsson og Jónas Gunnarsson.

Fundi slitið. Jón I. Bjarnason fundarritari

Jónas Gunnarsson form.

Ár 1964, fimmtudaginn 3. desember var haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum Félags matvörukaupmanna og Félags kjötkaupmanna.

Á dagskrá var kvöldopnun verzlana, og sameiginlegur fundur félaganna í kvöld í Þjóðleikhúskjallaranum.

Í upphafi fundar bauð Guðni Þorgeirsson formaður Félags matvörukaupmanna, Knút Bruun h.dl. - hinn nýja framkvæmdastjóra Kaupmannasamtaka Íslands velkominn á fundinn.

Formaður sagði frá viðræðum nefndarinnar sem kosin var á síðasta fundi, við borgarstjóra. Margir tóku til máls. Sigurður Magnússon sagði frá viðræðum samninganefndar við Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fjórtán menn voru mættir á fundinum og tóku þeir flestir til máls. Samþykkt var að láta fundinn í kvöld taka nánari ákvörðanir um málið.

Jón S. Björnsson
Jónas Gunnarsson [illegible]

Ár 1964, þriðjudaginn 14. desember var haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum Félags kjötkaupmanna og Félags matvörukaupmanna.

Í upphafi fundar sagði formaður kaupmannasamtakanna frá gangi samninganna við V.R.

Framkvæmdastjóri Kristur Þorsson sagði frá samningafundum sem fram hafa farið við V.R.

Ellefu menn voru mættir á fundinum og tóku allir til máls.

Talið var æskilegt að flýta samningum við V.R. um hverfaopnun verzlana, eins og hægt væri. Fundi slitið

Jón S. Björnsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 15. febrúar 1965 var sameiginlegur fundur í stjórnum Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverzlana.

Fyrir var tekið.

I. Tillaga Þreyris Eyjólfssonar um að gefa mönnum frjálsráði til að sækja um kvöldsöluleyfi. Knútur Bruun sagði frá samningaviðræðum við V.R. Til máls tóku:
Guðni Þorgeirsson
Þorvaldur Guðmundsson
Björn Jónsson
Knútur Bruun
Ákveðið að senda Knút Bruun til borgarstjóra til viðræðna um málið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fimmtudaginn 4. febrúar 1965
var haldinn sameiginlegur fundur
í stjórnum Félags matvörukaup-
manna og Félagi kjötverzlana.
Mættir voru: S. M., B. J.,
G. J. K., J. G., G. Þ., H. S., J. J.,
J. G., og E. E., auk fram kvæmda-
stjóra K. Í. og fundarritara.
Til umræðu voru samningar
við V. R. Sigurður Magnússon
lagði málið fyrir fundinn;
en framkvæmdastjóri K. Í. Bruun
sagði nánar frá einstökum
liðum í tillögum þeim sem
samningsnefndirnar hafa
komið sér saman um og
undirritað, og las þær síðan
orðrétt. Miklar umræður urðu
um tillögurnar.
Fundi slitið.
Jón I. Bjarnason
Jónas Gunnarsson

Þriðjudaginn 27. apríl 1965
var stjórnarfundur í Félagi
kjötverzlana.
Mættir voru.
J. G., J. J., J. G., G. J. K. og Þ. J.
og Jón Bjarni Þórðarson.
Formaður Jónas Gunnarsson
setti fundinn og stjórnaði
honum.
I. Stjórnartillögur á aðalfundi:
Miklar umræður urðu um
málið og var ákveðið að
halda stjórnarfund annað
kvöld kl. 9., og ganga þá
endanlega frá tillögum
fyrir aðalfundinn.
Fundi slitið.
Jón I. Bjarnason.
Jónas Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 28 april 1964 var fundur í stjórn Félags kjötverzlana.

Mættir voru: Þ. G., J. B. Þ., J. G., J. G., Þ. J. J. og J. G. Á.

Fyrir var tekið:

1. Stjórnartillögur fyrir aðalfund.

Samþykkt var að leggja tillögu um þátttöku í ráðgjafanefnd fyrir aðalfund, — sexmannanefndinni. —

Fundurinn lýsir ánægju sinni, yfir hinu nýja félagsheimili K. Í. og telur þá ráðstöfun rétta sem gerð var á s.l. aðalfundi K. Í. 1964, að lána sjóð félagsins til þessara framkvæmda, enda komi full vaxtagr. fyrir. Fundi slitið.

Þriðjudaginn 11. maí 1965 var haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum Félags kjötverzlana og Félags matvörukaupmanna.

Mættir voru: E. M., J. H. E. E., Þ. J. E., H. Þ., K. B., H. S., J. G., E. M. og fundarritari.

Guðmundur Þorgeirsson form. fél matvörukaupmanna var fundarstjóri.

Fyrir var tekið:

1. Erindi Sölufélags garðyrkjumanna, um breytt sölufyrirkomulag á grænmeti. Samþykkt var að athuga erindið nánar næstu daga.

2. Félagsgjöld. Félagsgjöldin voru samþykkt samhljóða, eins og þau voru lögð á.

3. Kvöldþjónusta verzlana. Framkvæmdastjóri K. Í. Brenn las bréf frá borgarstjórn, en þar segir að tillögur þær

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um kvöldþjónustu verzlana sem sam tökin sendu borgarstjórn, hafi verið samþykktar. Lagt er til að nefnd verði skipuð til að framkvæma endurskoðun á reglugerðinni.
Samþykkt var samhljóða að gefa öllum félagsmönnum kost á að vera með í kvöldþjónustunni.
Samþykkt var að byrja 28. júní.

Fundi slitið.

Jón J. Bjarnason Jónas Gunnarsson

Þriðjudaginn 25 maí 1965 var haldinn stjórnarfundur í Felagi kjötverzlana í félagsheimili K. Í., að Marargötu tvö.

Mættir voru:
J. G., G. G., Ó. G., J. J., J. B. framkvæmdastjóri og fundarritari.

Fyrir var tekið:

I. Verkaskipting stjórnar:
Varaformaður var kosinn Eyjólfur Guðmundsson
Gjaldkeri var kosinn Jón Júlíusson.
Ritari var kosinn Þorbjörn Jóhannesson.

II. Kvenfélagsstjórar:
Jón B. Þórðarson,
Óskar Jóhannesson,
Gunnar Snorrason,
Valdimar Mikaelsson,
Jón Eyjólfsson,
Ásgeir Einarsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jóhann Hjörleifsson,
Steingrímur Guðmundsson,
Guðmundur Sigtryggsson.
Óskar Jóhannsson var
kosinn formaður hverfis-
stjóra og kallar hann
saman fundi og ráðar
mönnum í hverfi.
III Meðferð tillagna frá
aðalfundi.
Samþykkt var að hafast
ekki að um sölustöðvun.
Samþykkt var að bera fram
tillögu um fulltrúa í
sáttanefnd á aðal-
fundi K. Í.
Samþykkt að fresta aðgerð-
um í kjötsölu flutningi.
IV. Samningsuppsögn Félags
íslenzkra kjötiðnaðarmanna
Málinu vísað til launa-
kjaranefndar.
V Auglýsingar.
Fundurinn telur eðli-
legt að auglýsingar félagsins
verði gerðar í samráði við
skrifstofu K. Í.
Fleira ekki fyrir
tekið fundi slitið.
Jón Í. Bjarnason
fundarritari.
Jónas [illegible]
[illegible]
[illegible]
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 22. júní var fundur haldinn í stjórn Félags kjötverzlana, með fulltrúum frá Sláturfélagi Suðurlands, S. F. S.

Mættir voru:
Jónas Gunnarsson, Valdimar Gíslason, J. C. Klein, Ragnar ... Guðmundsson Hilmar Bendtsen, Sigfús Tómasson Guðjón Guðjónsson og Þorvaldur Guðmundsson

Fyrir var tekið:
Kjötskortur í Reykjavík?

Formaður Jónas Gunnarsson setti fundinn og reifaði málið. Fram kom að 1914 tonn af af dilkakjöti væru til í landinu,* og að um 600 tonn eru notuð á mánuði; þannig ætti kjöt að vera nægilegt í þrjá mánuði. Þorvaldi Guðmundssyni var falið að tala við Sveinn Tryggvason, og reyna að fá útflutað af

* miðað við fyrsta júní

öllu þessu kjöti á markað hér í Reykjavík, ef ... öðrum kosti að fá kjöt flutt inn.

Fleira ekki tekið fyrir
fundi slitið
Jón F. Bjarnason
fundarritari.
Jónas Gunnarsson form.

9. sept 1965
Hér á að vera bókaður stjórnarfundur, sem í ógáti er fram bókaður. = J. F. Bj.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1965, 24 september var
sameiginlegur fundur í stjórn-
um Félags kjötverzlana og
Félags matvörukaupmanna.
Jónas Gunnarsson formaður
Félags kjötverzlana, setti
fundinn og stjórnaði honum.
1. mál, verðlagning landbún-
aðarafurða.
Formaður Jónas Gunnarsson og fram-
kvæmdastjóri Kaupmannasam-
takanna Knútur Bruun sögðu
frá gangi málsins, og hinni
nýju verðlagningu.
2. mál, nýir samningar við
kjötiðnaðarmenn.
3. Álagning á vinnsluvörur.
Kosin var þriggja manna
nefnd til að halda á
málefnum smásölunnar
í sambandi við smásölu-
álagningu á vinnsluvör-
um. Í nefndina voru
kosnir: Eyjólfur Guðmundss.
Gunnar Snorrason og Óskar
Jóhannesson.
Samþykkt var tillaga frá
Hreini Sumarliðasyni svohljóð-
andi: „Sameiginlegur fundur
í stjórnum Félags matvöru-
kaupmanna og Félags kjöt-
verzlana, haldinn á skrif-
stofu samtakanna 24.9.
1965, samþykkir með til-
liti til þess hve lítill árangur
hefir náðst í verðlagsmálum
að fara þess á leit við skrif-
stofu samtakanna að hún
útbúi nú þegar, nýjan álagn-
ingarlista, fyrir frjálsu vörurnar
þannig breyttan að þær vörur
sem áður voru með 36 %
álagningu færist upp í 40 %."
Samþykkt var eftirfarandi
tillaga. „Samningarnir við
kjötiðnaðarmenn samþykktir
samhljóða, með þeim fyrir-
vara að samþykkt stjórnar

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K. Í. komi til og framvegis
sjái Kaupmannasamtökin
um samningagerð fyrir
Félag kjöt~~kaupmanna~~ verzlana, eins
og önnur sérgreinafélög innan
samtakanna.

Fundi slitið.

Jónas Gunnarsson

Jón Í. Bjarnason
fundarritari.

Ár 1965. Kl. 16⁰⁰ 1 – 11.

Fundur í ~~félag~~ Stjórn Félags kjötverzlana
Fundinn setti formaður Jónas Gunnarsson
og tók til umræðu skráð verð og uppboð
á folaldakjöti. Umræður urðu um
hvort til að verslanir fengju folaldakjöt
á skráðu verði.

Samþykkt var að framvegis skuli
folaldakjöt vera skráð í verðlagsskrá ~~og~~
~~það tímanlega að það veiti aðhald a~~
~~og komi í veg fyrir uppboð á þessari vöru~~.

E. G. gerði grein fyrir störfum þeirra
er að verðlagningu landbúnaðarvara störfuðu.
Samþ. var að ~~fa~~ biðja nefndarmenn
að fara, ásamt framkv.stjóra K.Í., á
fund verðlagsstjóra, vegna álagningar á
vinnsluvörum.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

[illegible] Guðmundsson  Jónas Gunnarsson
Valdimar Gíslason
[illegible]
Ásbjörn Jóhannesson
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1965 miðvikudag 17 nóv. var fundur haldinn í stjórnum Félags kjötverzlana og Félags matvörukaupmanna.

Auk stjórnarmanna voru mættir á fundinum nokkrir aðrir félagsmenn, en fyrir fundinum lá kynning á fyrirhugaðri bókhalds-þjónustu á vegum K.Í. og I.B.M.

Knútur Bruun hafði framsögu um málið, og skýrði það ítarlega.

Jakob Sigurðsson fulltrúi I.B.M. skýrði nánar ýmsa þætti málsins.

LOKUNARtími verzlana

Framkvæmdastjóri Knútur Bruun hafði framsögu um málið og skýrði frá viðræðum um málið undanfarnar vikur.

Til máls tóku:

Þorbjörn Jóhannesson,
Jónas Gunnarsson,
Knútur Bruun,
Reynir Eyjólfsson,
Jón Júlíusson,
Lúðvík Þorgeirsson,
Hreinn Sumarliðason,
Guðni Þorgeirsson,
Eyjólfur Guðmundsson

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.

Jón I. Bjarnason.

Jónas Gunnarsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1965, mánudag 22. nóvember
var sameiginlegur fundur í stjórnum
Félags Kjötverzlana og Félags
matvörukaupmanna.
Fundinn setti Sigurður
Magnússon formaður K. Í.
Hann gat þess að tilefni
þessa fundar væru vinnu-
brögð yfirvalda, eða land-
búnaðarráðherra í nefnda-
skipan í verðlagsmálum
landbúnaðarins.
Næst tók til máls Knútur Bruun
og skýrði frá gangi mála og
baráttu K. Í. fyrir því að
fá fulltrúa inn í verð-
lagsnefndir.
Jónas Hannesson talaði og stakk
uppá sameiginlegum fél-
agsfundi um þetta mál,
þar sem mótmælaaðgerðir yrðu
formaðar.
Aðrir sem til máls tóku
Hreinn Sumarliðason

Eyjólfur Guðmundsson,
Valdimar Gíslason,
Guðni Þorgeirsson,
Reynir Eyjólfsson,
Björn Jónsson,
Þorbjörn Jóhannesson,
Jón Júlíusson.
Samþykkt var að halda
annan fund um málið
kl. þrjú næsta miðvikudag.
Fleira var ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.
Jón I. Bjarnason
fundarritari.

Ár 1965, miðvikudag 24. nóvember
var sameiginlegur fundur í stjórnum
Félags Kjötverzlana og Félags
matvörukaupmanna.
Fundinn setti Sigurður
Magnússon, og skýrði frá
samtali við prófessor Ólaf
Björnsson.
Auk Sigurðar tóku til máls:
Eyjólfur Guðmundsson,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Knútur Bruun,
Jónas Gunnarsson,
Reynir Eyjólfsson,
Guðni Þorgeirsson,
Torfi Torfason.
Samþykkt að halda almennan félagsfund í félögunum á n. k. mánudagskvöld.
Launarteiknismálið var rætt nokkuð.
Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið.
Jón I. Bjarnason
fundarritari.
Jónas Gunnarsson

Ár 1965, miðvikudag 8. desember, var sameiginlegur fundur í stjórnum Félags kjötverzlana og Félags matvörukaupmanna.
Jónas Gunnarsson form. Félags kjötverzlana stjórði fundinum.
Fyrir var tekið:
1. Samkomulag um vörul. í sölutuminum.
Fundarstjóri gaf K. Bruun orðið og hafði hann framsögu um málið
Til máls tóku:
Knútur Bruun
Guðni Þorgeirsson
Jón I. Bjarnason
Björn Jónsson
Reynir Eyjólfsson.
Nú setti fundarstjóri Björn Jónsson fundarstjóra, og tók sjálfur til máls, og talaði fram og til baka um málið. En hann hafði

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lokið máli sínu, tók hann aftur við fundarstjórn.

Til máls tóku:

Eyjólfur Guðmundsson.
Jónas Sigurðsson
Jón B. Þórðarson
Einar Eyjólfsson
Hreinn Sumarliðason
Jón J. Björnsson
Guðni Þorgeirsson.
Björn Jónsson
Hreinn Sumarliðason.
Regnir Eyjólfsson.
Eyjólfur Guðmundsson.
Knútur Bruun.

Eyjólfur Guðmundsson talaði og óskaði eftir að bókað yrði að hann tæki ekki þátt í afgreiðslu þessa máls nema farið væri eftir fundarsamþ. og almennur sameiginlegur fundur yrði haldinn um málið.

Jónas Gunnarsson tók fram að þetta væri líka skoðun formanns Félags kjötverzlana, – sín sjálfs.

Til máls tóku:

Björn Jónsson
Guðni Þorgeirsson
Regnir Eyjólfsson
Hreinn Sumarliðason
Jón J. Björnsson
Eyjólfur Guðmundsson
Jónas Sigurðsson.
Knútur Bruun
Eyjólfur Guðmundsson
Jón J. Björnsson
Regnir Eyjólfsson
Guðni Þorgeirsson
Eyjólfur Guðmundsson
Björn Jónsson
Knútur Bruun.

Samþykkt var að halda sameiginlegan fund í félögunum um þetta mál o.fl. ef tilefni væri til.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Önnur mál:
Framkvæmdastjóri sagði frá innheimtu félagsgjalda.
Til máls tóku:
Guðni Þorgeirsson.
Valgjálfur Guðmundsson
Knútur Bruun
Fleira var ekki fyrir tekið
Fundi slitið.
Jón F. Björnsson
fundarritari.
[illegible]

Ár 1966 fimmtudag 3. febrúar, var sameiginlegur fundur haldinn í stjórnum Félags kjötverzlana og Félags matvörukaupmanna.
Mættir voru:
Jónas Gunnarsson, Reynir Eyjólfsson, Björn Jónsson, J. C. Klein, Guðni Þorgeirsson, Eyjólfur Guðmundsson, Hreinn Sumarliðason, Jón B. Þórðarson og Jón Júlíusson. Þá auki voru mættir á fundinum Knútur Bruun og Sigurður Magnússon.
Fyrir var tekið:
1. Sigurður Magnússon talaði um mjólkursölu í matvörubúðum, og kvaðst vilja taka málið upp í borgarstjórn ef menn yrðu sammála um það.
Til máls tóku:
Björn Jónsson, Jón Júlíusson, Hreinn Sumarliðason, Guðni Þorgeirsson, Jón

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gíslason, Guðni Þorgeirsson, Sig. Magnússon og Björn Jónsson.
2. Verðlagsmál. Framkvæmdastj. skýrði frá gangi þess máls.
Til máls tóku:
Björn Jónsson, Eyjólfur Guðmundsson, Guðni Þorgeirsson, Hreinn Sumarliðason, Kristur Bruun, Reynir Eyjólfsson, Björn Jónsson, Guðni Þorgeirsson, Jón Gíslason, Hreinn Sumarliðason.
Samþykkt var sem tillaga af stjórnum leggja félaga að verzlanir legðu fram nauðsynleg gögn til þess grundvallar rannsókn í afkomu smásöluverzlunarinnar geti farið fram.
3. Framleiðslumál.
Björn Jónsson tók til máls og sagði frá störfum nefndar þeirrar sem undanfarið hefur starfað fyrir félögin í því máli.
Jónas Gunnarsson, en hann skýrði fundinum þakkaði nefndinni fyrir vel unnin störf.
4. Sala á jólabréfum
K. Bruun talaði um málið.
Til máls tóku.
Hreinn Sumarliðason, Guðni Þorgeirsson, K. Bruun, Eyjólfur Guðmundsson, Hreinn Sumarliðason, Eyjólfur Guðmundsson, K. Bruun.
Fleira var ekki fyrir tekið fundi slitið.
Jón F. Björnsson.
Jónas Gunnarsson - form.
Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1966, fimmtudag 24. febrúar, var sameiginlegur fundur í stjórnum Félags kjötverzlana og Félags matvörukaup- manna.
Formaður Kaupmannasamtakanna Sigurður Magnússon stjórnaði fundinum, en fyrir honum lá að taka afstöðu til verkfallsboðunar V.R. við Félag kjötverzlana og Félag matvörukaupmanna, en fulltrúum Kaupmannasamtakanna sem voru á sáttafundi í alþingishúsinu í gærkvöldi, var þar afhent eftirfarandi bréf, "Hér með tilkynnist yður, að trúnaðarmannaráð Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hefur ákveðið vinnustöðvun hjá kjöt- og nýlenduvöruverzlunum á félagssvæði V.R. frá fimmtudeginum 3. marz 1966 til laugardagsins 5. marz 1966 að báðum dögum meðtöldum, hafi samningar eigi tekizt fyrir þann tíma".
Mættir voru:
Sigurður Magnússon, Jónas Sigurðsson, Hreinn Sumarliðason, Einar Eyjólfsson Guðni Þorgeirsson, Jón B. Þórðarson, Jón Júlíusson, Lúðvík Þorgeirsson Eyjólfur Guðmundsson, Björn Jónsson, Ragnar Eyjólfsson og auk þess Knútur Bruun og Jón F. Bjarnason.
Flestir þessara manna tóku til máls oftar en einu sinni. Samþykkt var með öllum greiddum atkvæðum að boða til sameiginlegs fundar í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverzlana þar sem nánari ákvarðanir yrðu teknar um framgang mála, og reynt að

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fá algjöra samstöðu um það að allir félagsmenn læki búðum sínum ef til verkfalls kemur. Fundi slitið

Jón F. Bjarnason fundarritari. Jónas Gunnarsson

Ár 1966, mánudag 7. marz, var sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverzlana, með formanni samtakanna Sigurði Magnússyni og verkfallsnefndinni.

Sigurður Magnússon stjórnaði fundinum og skýrði gang mála í sambandi við verkfallið og boðað allsherjar-verkfall.

Fyrir fundinum lá að taka afstöðu til allsherjarverkfalls 14 þ. m.

Til máls tóku:

Guðjón Guðmundsson
Þorvaldur Guðmundsson
Jónas Gunnarsson
Sigurður Magnússon
Einar Bergmann
Hreinn Sumarliðason
Guðni Þorgeirsson
Björn Jónsson
Eyjólfur Guðmundsson
Einar Eyjólfsson

Fleira var ekki fyrir tekið fundi slitið.

Jón F. Bjarnason fundarritari.

Jónas Gunnarsson formaður.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur fundur F.K og F.M. á skrifstofu K.Í. Marargötu 2
Fundinum stjórnaði F.K. formaður Jóhannesson

1. Mál. Umræður um lokunartíma verslana. Formaður hreifði málið.
til máls tóku Hreinn Sumarliðason.
" " " Jónas Gunnarsson
" " " Valdemar Gíslason
" " " Björn Jónsson
" " " Jón Júlíusson
og framkv.stjóri Knútur Bruun
Samþ. var samhljóða að gera athugun á möguleikum að opna verslanir til kl. 10 á föstudögum og loka þá aftur á laugardögum í 2 mánuði á komandi sumri.

2 Jónas Gunnarsson ræddi skyldungu afgreiðslufrest hjá heildsölum

3 Gunnar Snorrason ræddi heimsendinga-gjald og gerði fyrirspurn í því máli.

4. Björn Jónsson gaf skýringar í sambandi við upplýsingar er Jónas Gunnarsson gaf í sambandi við greiðslufrest hjá heildsölum.

5 Ragnar Þorsteinsson gerði fyrirspurn viðvíkjandi prentun miða í sambandi við heimsendingar, málinu vísað til skrifstofunnar

Fundi slitið.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7/6-66

Fundur settur í stjórn félags kjötverzlana kl. 2^15 e.h. Þorbjörn Jóhannesson form. setti þennan fyrsta fund þessarar nýkjörnu stjórnar. Stjórnin skipti með sér verkum þannig að Jónas Gunnarsson varð varaform. og Gunnar Snorrason ritari, ~~Þorbjörn~~ og gjaldkeri J. C. Klein. Þorbjörn sagði frá, að sér heyrðist á ýmsum félögum að talsverð mótmæli væri um að loka á laugardögum um sumarið, en það var í athugun. Rætt var um verð á hvalkjöti. Valdimar Gíslason var samþykktur sem varamaður í stjórn félagsins, samkvæmt kosningu aðalfundar. Fundi slitið kl. 2^45.

Þorbjörn Jóhannesson
J. C. Klein
Jónas Gunnarsson
Gunnar Snorrason
Jón Júl.
Valdimar Gíslason

28/6-66

Sameiginlegur fundur félags matvörukaupmanna og félags kjötverzlana haldinn að Marargötu 2. Fundur settur kl. 2^10. Fyrsta mál var tekið fyrir verðbreyting á vinnuvörum. Kom í ljós að smásöluálagning hefði heldur lækkað við þær breytingar. Rætt var um starfssvið verðlagsnefndar, innan félags kjötverzlana. Samþ. var að nefndin kysi sér formann sem boðaði til funda. Torfi Torfason ræddi um myndun Stofnlánasjóðs og voru talsverðar umræður þar um. Jónas Gunnarsson tók til máls varðandi hæstaréttardóm Sigurjóns í Örnólfi. Þorbjörn Jóhannesson drap lítillega á það mál einnig. Jón Júlíusson talaði um að ekkert hefði heyrzt í sambandi við heimsendingagjald. Umræður urðu um það mál. Samþ. var að skoðanakönnun færi fram. Jónas Gunnarsson taldi sig mótfallinn heimsendingagjaldi. Reynir Eyjólfsson gerði fyrirspurn til Jóns Bjarnasonar varðandi útgáfu Verzlunartíðinda. Fundi slitið kl. 4.

Gunnar Snorrason
Þorbjörn Jóhannesson
Jónas Gunnarsson
J. C. Klein
Jón Júl.
Sig. Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/10 - 66

Sameiginlegur fundur félags kjöt og matvörukaupmanna haldinn að Marargötu 2. Fundinn setti form. matvörukaupmanna Óskar Jóhannsson kl. $2^{10}$. Fyrir fundinum lá eitt mál. Tillaga að lögum fyrir stofnlánasjóð matvörukaupmanna. Knútur Bruun skýrði hverja grein þeirra laga fyrir fundarmönnum. Umræður urðu miklar og minniháttar breytingar gerðar á uppkastinu. Samþykkt var að boða til stofnfundar og mæla með lagauppkastinu. Fleira ekki tekið fyrir.

Eyjólfur Guðmundsson lýsti undrun sinni yfir að ekki skyldi haldinn fundur hjá stjórn félags kjötverzlana eins og tíðkast hefur þegar k. hámarksverð hefur verið ákveðið, taldi hann að ef þessi deyfð ætti að ríkja hjá stjórn félagsins, gæti hann ekki séð annað en bezt yrði að innlima það félagi matvörukaupmanna.
Fundi slitið kl. $3^{40}$.

Gunnar Snorrason

Óskar Jóhannsson

13/10 - 66

Sameiginlegur fundur félags- kjöt og matvörukaupmanna haldinn að Marargötu 2. Fundinn setti form. matvörukaupmanna Óskar Jóhannsson kl. $2^{10}$. Fyrsta mál. Rætt var um ávaxtaskoðun hjá heildsölum og þá nefnd sem í því er frá kaupmönnum. Óskað var eindregið, að ef Bernh. Arnar teldi sér fært að inna þetta af hendi áfram í svipuðum stíl og verið hefði væri það mjög æskilegt. Gunnar Snorrason kom með fyrirspurn varðandi skoðanakönnun, hvort koma ætti á heimsendingargjaldi. Sú könnun hefur verið gerð, en hverfisstjórarnir láðst að skila þeim listum. Umræður um þetta mál voru miklar. Samþykkt var að Óskar Jóhannsson hefði samband við Silla og Valda, Sláturf./Suðurl., Sambandið og Kron varðandi það hvort þeirra fyrirtæki mundu fylgja kaupmönnum í því að taka heims.gjald. Einnig var ákveðið að biðja Birgi í Birgisbúð að sækja könnunarlista til þeirra hverfisstjóra sem ekki hafa skilað. Fleira ekki tekið fyrir.

Gunnar Snorrason

Óskar Jóhannsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/11 - '66

Sameiginlegur fundur félags kjötverslana og félags matvörukaupmanna haldinn að Marargötu 2. Fundinn setti varaform. félags matvörukaupm. Hreinn Sumarliðason. Fundarefni í fyrsta lagi, tilnefning fimmta manns í stjórn stofnlánasjóðs matvörukaupmanna. Fundarstjóri stakk uppá framkvæmdastjóra Kaupm.samtakan Knút Bruun sem fimmta mann í viðkomandi stjórn. Gengið var til atkvæða og var Knútur Bruun samþykktur mótatkvæðalaust. Gunnar Snorrason kom með fyrirspurn varðandi heimsendingargjald, hvort nokkuð hefði verið unnið í því. Kom fram að skoðanaskömm meðal kaupmanna lá að mestu framm. Utan dagskrár kom fram tilmæli um að að skýrslu sú er Kaupm.samtökin láta taka saman varðandi rekstrarafkomu verslana yrði send til félagsstjórna.

Gunnar Snorrason
Hreinn Sumarliðason

21/11 - '66

Sameiginlegur fundur félags kjötverslana og félags matvörukaupmanna haldinn að Marargötu 2. Fundinn setti Óskar Jóhannsson kl. 13[30]. Fyrir fundinum lá.

1. Lokunartími matvöruverslana í desember
2. Önnur mál.

Samþykkt var að kjöt og matvöruverslanir yrðu lokaðar á laugardögum kl 12 á hádegi eins og venjulega og á Þorláksmessu kl 9 e.h. Næst var tekið fyrir heimsendingargjaldamálið. Samþykkt var að ákveða (frá og með 1. des. n.k.) að gjaldið skyldi vera kr. 25.- fyrir símapantanir og kr 10.- fyrir þá sem viðskiptamaðurinn tekur sjálfur til í versluninni. Ákveðið var að halda stjórnarfund í félagi kjötverslana n.k. fimmtudag kl. 2. Samþykkt var að senda út verðlista varðandi hina tvo nýju verðflokka á kjöti þ.e.a.s. framhryggur kr 102,- og bringur og hálsar kr 43,- eins var samþykkt að vekja athygli á því að sérstök verðskráning á 1/2 dilka sé úr gildi fallin. Fundi slitið kl. 15[10].

Gunnar Snorrason. Óskar Jóhannsson
[signature] Ásbjörn Jóhannesson
[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stjórnarfundur félags kjötverzlana haldinn að Marargötu 2 24/11-'66. Fundinn setti Þorbjörn Jóhannesson kl. 14^20. Fyrir fundinum lá athugasemd varðandi tillögur að lögum fyrir K.Í. Kom fram að stjórnarmenn voru ekki ánægðir með tillögurnar og var ákveðið að kalla saman annan fund. Ekki fleira tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15^15.

Þorbjörn Jóhannesson
Gunnar Snorrason.
Guðmundsson
H. Brunn
Tryggvi Guðmundsson
Júlíus Jónsson
Jón F. Bjarnason.

Sameiginlegur fundur félags matvörukaupm. og kjötverzlana haldinn að Marargötu 2 5/12-'66. Fyrst var tekið fyrir, hvernig sú framkvæmd hefði verið á heimsendingagjaldi sem sett var á fyrir nokkrum dögum. Kom fram að verzlanir Silla og Valda hafa ekki tekið gjaldið. Samþ. var að þrír menn færu á fund Sigurliða Kristjáns út af máli þessu. Fundi slitið kl. 11^30.

Gunnar Snorrason
Tryggvi Guðmundsson
Óskar Jóhannsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur fundur félags matvöru og kjötverzlana haldinn að Marargötu 2 5/12. Fundinn setti Óskar Jóhannsson kl. 19^20. Eins og frá er skýrt í fundargerð hér á undan voru tilnefndir þrír menn til viðræðna við Sigurliða Kristjánsson út af heimsendingargjaldi. Óskar sagðist hafa haft símasamband við Sigurliða og óskað eftir viðtali við hann ásamt tveim öðrum varðandi þetta mál en sá síðarnefndi sagðist ekkert hafa við það að bæta sem hann lét koma fram við Knút Bruun á dögunum, en það var á þá leið að hann væri ekki tilbúinn til þess að taka gjaldið. Rætt var einnig um lokunartíma matvöruverzlana í desember og var samþykkt að auglýsa þessa lokun mikið meira en áður hefur verið gert. Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl 21^40.

Gunnar Snorrason — Óskar Jóhannsson
H. Kleins
Sig. Guðmundsson

Ár 1966, miðvikudag 7. des. var sameiginlegur fundur haldinn í stjórnum Félags matvörukaupmanna og Kjötverzlana og nokkurra kaupmanna.
Fyrir var tekið.
1. Óskar Jóhannsson setti fundinn og gat þess að fyrir fundinum lægju tvö mál, - lokunartími verzlana í desember og heimsendingargjald.
2. Sigurður Magnússon sagði frá samtali við Sigurliða Kristjánsson um þessi mál o. fl. Miklar umræður urðu um bæði þessi mál. Samþykkt var að halda fast við laugardagslokun á hádegi í des., og tala við þá kaupmenn sem enn eru ekki þátttakendur í því. Fleira var ekki tekið fyrir. Jón I. Bjarnason.
Fundarritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur fundur félags kjöt og matvöruverzlana haldinn að Marargötu 2. 1/2 - 67. Fundinn setti Óskar Jóhannsson kl. 2[15]. Einar Bergmann sat sem gestur á fundinum. Fyrsta mál tekið fyrir sameiginleg innkaup kaupmanna. Einar Bergmann var framsögumaður í því máli. Annað mál var tekið fyrir samhliða því fyrsta vegna þess hve skylt það er. Reynir Eyjólfsson var framsögumaður í því máli sem var supermarkaður. Umræður urðu miklar. Kosin var 5 manna nefnd til nánari athugunar á þessum tveimur málum, þeir voru Einar Bergmann, Reynir Eyjólfs. Guðni Þorgeirsson, Guðm. Friðriksson og Kolbeinn Kristinsson. Næsta mál og það þriðja á fundinum var sameiginlegt útboð á tryggingum. Knútur Bruun fylgdi því máli úr hlaði. Lagði hann fram bréf frá tryggingafélögum og var um talsverðan afslátt að ræða frá viðkomandi félögum. Rætt var um sameiginlegan útboð á sloppaþvotti. Tilnefndir voru þeir Gunnar Snorrason og Jón Bj. Þórðarson til að vinda því verki í framkvæmd.

Fundi slitið kl. 4.

Gunnar Snorrason

Sig. Guðmundsson

Hekleim.

Stjórnarfundur í félagi kjötverzlana haldinn að Marargötu 2 kl. 1[30]. Fundinn setti Þorbjörn Jóhannsson. Fyrir fundinum lá samræming á lögum félags kjötverzlana og lögum Kaupm. samtaka. Knútur Bruun skýrði það mál. Samþykkt var ~~að samþykkja frá~~ Samræmingu fyrir fund. Það fól í sér að lög félags kjötverzlana haldast óbreytt og getur sú starfsemi haldið áfram innan þess félags óbreytt. Sú breyting kemur aftur á móti að þegar inni á aðalfund K.Í. kemur geta ekki aðrir setið en stjórnir sérgreinafélaganna og einn fulltrúi fyrir hvern byrjaðan tug félagsmanna. Félagatala er reiknuð þannig að hvert fyrirtæki hefur einn félagsmann.

Hekleim.

Þorbjörn Jóhannesson.

Gunnar Snorrason

Sig. Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16/2 '67

Sameiginlegur fundur í Félagi matvöru og Kjötkaupmanna fimmtudaginn 16/2 '67, fundinum stjórnaði Gunnar Snorrason og gat þess að aðeins 1 mál væri á dagskrá, Sameiginleg innkaup. Mættir voru á fundinum, til umræðu um þetta mál ~~þar~~ Kolbeinn Kristinsson, Einar Bergmann, Guðmundur Friðriksson. Fundarstjóri gaf fyrst orðið formanni undirbúningsnefndar Reyni Eyjólfssyni.

Reynir gat þess að nefndin væri sammála í meginatriðum og lagði áherslu á að sameiginleg skyldi hleypa í framkvæmd sem fyrst. Kolbeinn Kristinsson gat þess vegna fyrirspurnar að nefndin hefði augastað á ákveðnu húsnæði.

Einar Bergmann taldi málið á því stigi að æskilegt væri að halda félagsfund um málið og ~~gan~~, tryggja þarmeð framgang málsins.

Hreinn Sumarliðason talaði næstur og taldi undirbúningsstarf nefndar-innar væri ekki nægilegur til að hægt sé að ganga á ákvarðanir.

Einar Bergmann svaraði Hreini og taldi nefndina ekki hafa haft umboð til frekari aðgerða.

Einar Eyjólfsson leiðrétti tölur úr ræðu ~~Einar~~

Umræður urðu miklar eftir-taldir tóku til máls

Hreinn Sumarliðason, Reynir Eyjólfsson ~~Reg~~ Einar Eyjólfsson, Einar Bergmann Torfi Torfason.

~~Umboðsmanni~~ Í Nefndinni var gefið umboð til að koma fram þar ~~fram~~ sem hún telur nauðsynlegt í nafni M.F. og K.Í., og skal það umboð vera skriflegt ef nefndin óskar eftir.

Fundi slitið

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II mál Kjósa ~~nefnd~~

23/2 - 67

Stjórnarfundur í félagi kjötverzlana haldinn að Marargötu 2. fundinn setti formaður kl. $2^{15}$. Rætt var um gjöf til Klein sem verð áttræður 24/2. Samþykkt var að senda blómakörfu og enn að stjórnin heimsækti hann á afmælisdaginn. ~~Fund~~ Rætt var um að unnið væri að því að koma á nýju verðflokk á nautakjöti sem héti nautakjöt II fl. og væri útsöluverð @ 130,–. Rætt var lítillega um sameiginlegt útboð á sloppaþvotti. fundi slitið.

Sigurbjörn Johannsson

Guðj. Guðmundsson

Gunnar Snorrason.

Árið 1967 Þann 29 marz 1967 var haldin sameiginlegur fundur stjórna félags kjöt og matvörukaupmanna að Marargötu 2.

Form. félags kjötkaupmanna Sigurbjörn Jóhannesson setti fundinn og gaf Óskari Jóhannessyni ~~f~~ orðið.

Óskar gaf skýrslu í samræmi við aðalfund K.Í.

Fram kom að framkvstj. hafi hætt störfum án nokkurs fyrirvara og hafi hann fengið greidd laun í 3 mánuði frá því hann hætti störfum.

Óskar benti á ýmislegt, sem næst væri að gera í sambandi við rekstrar-fyrirkomulag skrifstofunnar og vill láta hreinsa til á skrifstofunni með starfsfólk snertir.

Óskar lagði fram tillögu um að starfsfólkinu yrði sagt upp.

Nokkrar umræður urðu um málið og síðan var tillagan borin upp.

Hreinn Sumarliðason flutti breytingartillögu

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þess efnis að málið verði afgreitt í stjórnum félaganna ásamt og með formanni K. Í. Sigurði Magnússyni og var það samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið.

Þorbjörn Jóhannesson  Jónas Gunnarsson rit.
Gunnar Snorrason  Jón Júl.

6/4-'67

Sameiginlegur fundur hjá stjórnum félaga mat og Kjötverzlana. Fundinn setti Óskar Jóhannsson kl 2[15]. Til umræðu var tillaga sem liggur fyrir fulltrúaráði til meðhöndlunar, en hún fjallar um endurskipulagningu skrifstofu K. Í. Fundinn sat Sig. Magnússon form. K. Í. Sig. Magnúss. skýrði frá því að meðan hann gegndi framkv.stjórastarfi hefði varaform. K. Í. tekið við formennsku. Sig. Magn. tjáði sig varðandi þá tillögu sem var til umræðu og sagði hann að hann væri því meðfylgjandi að Jón Bjarnason ritstj. Verzlunartíðinda yrði áfram í starfi hjá K. Í., en tillagan um endurskipul. fól í sér að Jóni yrði sagt upp. Miklar umræður urðu um tillöguna. Gengið var til atkvæða um breytingartillögu frá Hreini Sumarliðasyni þess efnis að tillögunni væri vísað frá og var hún felld með fjórum gegn tveim. Gengið var þá til atkvæða um tillöguna sjálfa og var hún samþykkt með fimm atkv. gegn einu og einn auður. Gunnar Snorrason og Jón Júlíusson skýrðu frá að þar sem þeir einir væru mættir frá félagi kjötverzlana teldu þeir sig ekki hafa umboð stjórnar. Fleira ekki tekið fyrir.

Gunnar Snorrason  Jón Júl.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/4-67

Sameiginlegur fundur stjórna félags mat og Kjötverzlana. Óskar Jóhann setti fundinn kl. 2[10]. Sig. Magnússon talaði fyrstur og stakk uppá að meira skipulag kæmi framvegis á stjórnarfundi og eftirleiðis yrði fastur fundardagur. Fyrir fundinum lá tillaga til ályktunar um áskorun til framl.ráðs Landbúnaðarins þess efnis að verzlanir fái að draga mjólkursöluna og ef mjólkin kæmi í aðrar umbúðir þ.e.a.s stærri umbúðir gæti komið til greina því að verzlanir gætu annast heimsendingu þessara vöru. Þessi tillaga til ályktunar var samþ. samhljóða.
Mál númer tvö var svokallað stoppamál. Kom fram frá Sig. Magn. og Gunnari Snorrasyni að það mál væri komið brátt á lokastig og yrði því um stórbætt kjör að ræða. Þriðja mál á dagskrá „Lokunarmál".
Sig. Magnússon fylgdi þessu máli úr hlaði og sagðist hafa rætt við Lögreglustjóra og Pál Líndal varðandi þetta mál. Miklar umræður urðu um málið og var kosin 3ja manna nefnd til að fjalla um málið og skila af sér fyrir næsta fund. Nefndin var þessi. Þorbj. Jóhann, Jósef Torfason og Jón Júlíusson og átti hún að vinna með framkv.stj. K.Í. Óskar Jóhann kom lítilsháttar inná tillögu fyrir fundar varðandi

skipulagsbreytingu skrifstofu K.Í. Óskar Jóhann bar fram tillögu, sem fundarmenn komu sér saman um að fresta að fjalla um til næsta fundi.
Fundi slitið kl. 16[30].

Gunnar Snorrason
Þorbjörn Jóhannsson
Jónas Sumarliðason
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26/4 – '67

Sameiginlegur fundur félags kjöt og matvörukaupm. haldinn að Marargötu 2.

1. Ákvörðun tekin um aðalfund félaganna.
Ákveðið ~~að~~ var að halda aðalfund félags matvörukaupm. hinn 9. n.k. og hinn 16. n.k. fyrir félag kjötverzla. Rætt var lítillega um sam~~einingu~~ einingu félaganna og var talið rétt að fjalla um málið á félagsfundi.

2. Sloppaþvottur! Gunnar Snorrason var með tilboð frá þrem aðilum sem voru í lokuðum bréfum. Gunnar las tilboðin og var bent fyrir fundarmönnum að þetta væri algjört trúnaðarmál. Tilnefndir voru þeir Gunnar Snorrason, Jón Bj. Þórðarson og Sig. Magnússon til að fjalla um tilboðin og ljúka undirbúning þess, síðan leggja þetta fyrir annan stjórnarfund.

3. Trúnaðarlæknir! Sig. Magnússon las upp bréf frá læknafélagi Íslands og var samþykkt ~~var~~ að tillaga lægi frammi á aðalfundum félaganna frá stjórnarfundum þess efnis.

4. Kaupsmannatal. Framkv.stjóra var falið að undirbúa þetta mál rækilega.

5. Kvöldsölumálin! Sig. Magnússon las upp bréf sem sent var til Lögreglustjóra, Borgarstjóra og Heilbrigðisnefndar þess efnis að löggæzlan sæi um að fylgja gildandi reglugjörð og loka á þeim stöðum sem opnir eru á kvöldin. Samþykkt var að starfandi nefnd í þessum málum ásamt framkv.stjóra færu á fund dómsmálaráðherra og kvörtuðu um skort á löggæslunni. Samþykkt var að ræða um lokun sölubúða í tvo tíma á dag t.d. kl 1-3. Á aðalfundi félaganna verði það tekið fyrir.

6. Önnur mál!

Reynir Eyjólfsson gat þess að nefnd sú sem kosin var til sameiginlegra innkaupa hefði haldið marga fundi og væri búið að stofna félag. Stjórnin samþ. að boða nefndina á sameiginl. stjórnarfund.

Fundi slitið.

Gunnar Snorrason
Jónas Gunnarsson
[signature]
J. Klein

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/5 - 67.

Sameiginlegur fundur félags kjöt og matvöru-verzlana ásamt 5 manna nefnd sem kosin var til að sjá um sameiginleg innkaup, en aðeins tveir nefndarmanna voru mættir. Þeir sem ekki mættu af nefndarmönnum voru Einar Bergmann, Guðm. Friðriksson og Guðm. Þorgeirsson. Fyrir fundinum lá að nefndin leggði fram skýrslu um störf sín, en sú skýrsla lá ekki fyrir fundinum vegna þess að ~~formaður nefndarinnar~~ Einar Bergmann var ekki mættur.
Umræður urðu talsverðar um störf nefndarinnar.
Menn voru ekki sammála um að nefndin hefði starfað ötullega. Tillaga kom fram ~~um~~ svohljóðandi.
Að nefndinni var falið að vinna að málinu áfram og gefa skýrslu til stjórnarmanna fyrir 1. júní n.k.

Fundi slitið.

Jónas Gunnarsson [illegible] J. Kleven.
Gunnar Snorrason Sigg. Guðmundsson

16/5 - 67.

Fundur í stjórn F.K. haldinn að Marargötu 2 fundinn sátu Þorl. Jóhannsson. Til umræðu var undirbúningur aðalfundar sama dag. Fundi slitið.

Ásbjörn Jóhannesson Gunnar Snorrason
J. Kleven.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1967.- Mánudaginn 22. maí var fundur haldinn í stjórn Félags Kjötverzlana á skrifstofu K.Í. Kl. 2. Mættir voru: Gunnar Snorrason, Jónas Gunnarsson, Guðlaugur Guðmundsson, Eyjólfur Guðmundsson, Alex. Christiansen.

Dagskrá:

1.) Verkaskipting stjórnar:

Formaður: Gunnar Snorrason
V.formaður: Guðl. Guðmundsson,
Ritari: Eyjólfur Guðmundsson
Gjaldkeri: Jón Júlíusson.
Meðstjórnandi: Jónas Gunnarsson.

2.) Samþ. að skipa eftirtalda tvo menn í samvinnunefnd með nefnd frá Félagi Matvöru-Kaupmanna til að vinna að afnámi [illegible] sölu: Kolbeinn Kristinsson og Jónas Gunnarsson.

3.) Eyjólfur Guðmundsson bauð nýjan formann velkominn til starfa og lýsti ósk sinni um gott samstarf í stjórninni. Tóku fundarmenn undir þessi orð Eyjólfs.

4.) Rætt var um atriði sem teljast mætti hafa miður tekist á s.l. ári og gæta þyrfti einstaklega að ekki endurtæki sig.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Gunnar Snorrason
Eyj. Guðmundsson
Guðlaugur Guðmundsson
Jónas Gunnarsson
Alex. Christiansen

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur í verðlagsnefnd Kjötverzlana haldinn
Fimtudaginn 31 Ágúst 1967. í húsi K.Í. Kl. 8. e.h.
Mættir voru undirritaðir.
Verkefni fundarins, útreikningur nýs verðlista, vegna aukinnar niðurgreiðslu ríkissjóðs á dilkakjöti, Breytingar komu aðeins til greina á þeim vöruflokkum er áður nefnd kjötsverði. Rætt var um aðra liði listans. og samþykkt að fresta frekari breytingum, þar til endanlegt haustverð sláturafurða liggur fyrir og álit stjórnar eða félagsfundar.
Fleira ekki gert fyrir.
Fundi slitið kl 11 e.h.

Guðlaugur Guðmundsson
Tryggvi Guðmundsson
Gunnar Snorrason

Miðvikudaginn
Ár 1967. – þriðjudaginn 15. nóvember var haldinn fundur í stjórn Félags Kjötverzlana á skrifstofu K.Í. kl. 12.30: Mættir voru á fundinum undirritaðir stjórnarmeðlimir, auk Þorvaldar Guðmundssonar, fulltrúa félagsins hjá Kaupmannasamtökunum, en Gunnar Snorrason form. félagsins gat þess, að sér fyndist tilhlýðilegt að fastafulltrúi félagsins hjá K.Í. sæti stjórnarfundi í þeim tilgangi að skapa traustara og nánara samband milli félagsins og Kaupmannasamtakanna.
Þorv. Guðmundsson lýsti ánægju sinni með þessa ráðstöfun og kvaðst jafnan reiðubúinn að leggja fram aðstoð sína og vinnu þegar þess væri óskað.

Dagskrá:

1.) Formaður greindi frá viðræðum sem hann hefði haft við forráðamenn Sláturfélags Suðurlands og Afurðasölu S.Í.S. viðvíkjandi sölu þessara stofnana ~~[illegible]~~ til innlendra aðila annara en

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

opinna söluleiða, svo og álagningu á þær vörur. – Óskuðu fyrirsvarsmenn þessara fyrirtækja m.a. eftir tillögum frá Félagi Kjötverzlana um, hvaða hátt félagið teldi æskilegast að viðhafa í þessum efnum:

Samþ. var að leggja eftirfarandi fram sem tillögu félagsins:

1) Að 1/2-skrokkasala af nýju kjöti falli niður, og eingöngu verði um að ræða sölu í 1/1 skrokkum.

2.) Að álagning á hangikjöti í hálfum ~~pörtuðum~~ skrokkum verði 15% auk söluskatts, en það þýðir, miðað við núverandi verðlag, Kr: 93.30 pr. kg.

3) Að álagning á svið í heilum kössum verði 12%, auk söluskatts og sögunargjalds, en það þýðir, miðað við núverandi verðlag, Kr: 47.35 pr. kg., auk sögunargjalds, 1.00 króna pr. sviðahaus.

Framangreint fyrirkomulag telur stjórnin æskilegt þegar afurðasölurnar selja til annarra en söluleiða, enda eigi viðskiptavinir einnig kost á þessu fyrirkomulagi í almennum verzlunum. – Lögð er jafnframt mjög rík áherzla á, að ekki sé hvikað frá þeim staðgreiðsluákvæðum, sem gert er ráð fyrir að afgreiðsla fari fram á. – Var formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga formlega frá samkomulagi á þessum grundvelli við stærstu afurðasölur svo og aðra þá aðila sem annast heildsölu á umræddum vörum.

2.) Lagt fram bréf Óskars Jóhannssonar, form. Fél. Matvörukaupmanna, dags. 30/9 1967 og fylgdi því afrit af bréfi ~~[illegible]~~ Óskars til Saksóknara Ríkisins varðandi kvöldsölumálin.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Gunnar Snorrason
Jóngeir.
J. Guðmundsson
Valdimar Gíslason
Sv. Chr. Christiansen
Adolf Guðmundsson.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1968.- Mánudaginn 19. febrúar var fundur haldinn í Stjórn Félags Kjötkaupmanna á skrifstofu K.Í. Kl. 14⁰⁰. Mættir voru undirritaðir stjórnarmeðlimir, auk Þ. Guðmundssonar, fulltrúa félagsins hjá K.Í.

Dagskrá:

1. Kjörnir voru sem fulltrúar á næsta aðalfund K.Í., auk stjórnarinnar, sem er sjálfkjörin:

   Jón Eyjólfsson, Jóhann Gunnlaugsson, Christian Christensen, Valdimar Gíslason og Rögnir Bjarnason.

2. Rætt um ýmiskonar sölu á kjötvörum til almennings, er á sér stað með öðrum hætti en hjá viðurkenndum kjötkaupmönnum. Greindi formaður og fleiri frá dæmum um þetta og framkv.stjóri frá samtali er hann hefði átt við skrifstofu Borgarlæknis um þessa söluskapi.

3. Lagt fram bréf til Kaupmannasamtaka Íslands dags. í dag, vegna framkvæmdar [illegible] um skiptingu á vöruflokkum í kjötkaupmönnum og nýlenduvörukaupmönnum. Var það samþ. samhljóða.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Gunnar Snorrason. Sig. [illegible]
Rudolf Guðmundsson Valdimar Gíslason
Jónas Gunnarsson
[illegible] Guðmundsson Þ. Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1968.- Mánudaginn 25. mars var fundur haldinn í stjórn Félags Kjötverzlana á skrifstofu K.Í. kl. $13^{30}$. Mættir voru undirritaðir stjórnarmeðlimir, auk Þorvaldar Guðmundssonar, fulltrúa félagsins hjá K.Í.

<u>Dagskrá:</u>

1. Lagt fram afrit af erindi, er sent var Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur varðandi sölu á kjötvörum á vegum annarra aðila en viðurkenndra Kjötverzlana, s.b.r. 2. lið síðasta fundar.

2. Formaður greindi frá yfirstandandi málarekstri í Hafnarfirði, vegna lögbanns, er Félag Kjötiðnaðarmanna krafðist að sett yrði á Matarbúðina í Hafnarfirði vegna framleiðslu hennar á kjötvörum í verkfallinu á dögunum. Jafnframt var lagt fram afrit af upplýsingum, er Félag Kjötverzlana og Kaupmannasamtökin sendu fógetaréttinum í Hafnarfirði um stöðu kjötafgreiðslumanna í almennum kjötverzlunum.- Sömuleiðis greindi formaður frá, að hann hefði verið kvaddur til vitnaleiðslu í þessum málarekstri.

Ræddu menn þetta mál ítarlega og skiptust á skoðunum og lýstu m.a. samþykki sínu á innsendum áðurgreindum upplýsingum.

3. Samþ. að halda Aðalfund félagsins 23. apríl n.k.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

[signature] Sig. Magnússon

Chr. Christensen Gunnar Snorrason

Jón Júl.

[signature]

Wolfgang [signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1968. – Mánudaginn 22. apríl var haldinn fundur í stjórn Félags Kjötverzlana í skrifstofu V.Í. kl. 14.00. Mættir voru undirritaðir stjórnarmeðlimir.

Dagskrá:

1. Rætt um undirbúning að aðalfundi félagsins er haldinn verður annað hvort að Hótel Loftleiðum, svo sem skipun fundarstjóra, fundarritara, kosningar í stjórn, ýmsar nefndir o.s.frv.

Voru menn á einu máli um skipan þessara mála og munu tillögur á aðalfundinum um kosningar og annað mótast af því.

Jafnframt skiftu stjórnarmeðlimir á milli sín að hafa símasamband við félagsmenn í því skyni að byggja góða fundarsókn.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Gunnar Snorrason Sig. [illegible]

Valdimar Gíslason Eyj. Guðmundsson

Jónas Gunnarsson Chr. Christensen

Guðlaugur Guðmundsson

Ár 1968. – Mánudaginn 20. maí var haldinn fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar Félags Kjötverzlana í skrifstofu V.Í. kl. 14.00. Mættir voru undirritaðir stjórnarmeðlimir.

Dagskrá:

1. Verkaskipting stjórnar var samþykkt þannig:

Formaður: Gunnar Snorrason.
V.formaður: Guðlaugur Guðmundsson.
Ritari: Eyjólfur Guðmundsson.
Gjaldkeri: Jón Júlíusson.
Meðstj.: Jónas Gunnarsson.
Varamenn: Valdimar Gíslason.
Chr. Christensen.

2. Í sambandi við verð á nautakjöti II. flokks, var samþ. að fela formanni við annan mann að eiga viðræður við framkvæmdastjóra Slátf. Suðurlands og Búrfells um mál þetta og að því samtali loknu verði sent út dreifi til félagsmanna,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ef samtökin leiða til þess.

3. Rætt um möguleika á „kontantafslætti" vegna félagsmanna, þegar þeir keyptu inn vörur hjá afurðasölunum gegn staðgreiðslu.
Var formanni ásamt ~~[illegible]~~ 1-2 stjórnarmönnum falið að eiga nánari viðræður við viðkomandi aðila.

4. Rætt um væntanlegar verðbreytingar á kjötvörum vegna áhrifa vísitöluhækkunar um n.k. mánaðamót og nauðsyn á öflugum rökstuðningi til kaupmanna í viðræðum við Sex-mannanefnd. – Var framkv.stjóra falið að undirbúa það sérstaklega.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Gunnar Snorrason
Sig. Guðmundsson
Jón Gíslason
Valdimar Einarsson
Sig. Magnússon
[illegible] Guðmundsson

Ár 1968. – Mánudaginn 10. júní hélt verðlagsnefnd Félags kjötverzlana fund á skrifstofu K.Í. kl. 14$^{00}$.

Dagskrá:

1. Rætt var um niðurstöður breytinga á kjötmati og samþ. verðlagsnefndin að hinar áætluðu breytingar skyldu sendar félagsmönnum á sérstökum verðlista.
Jafnframt var samþ. að skrifa Sex-manna nefnd og mótmæla þeirri handvömm, að við síðustu verðbreytingar skyldi ekki tekin til endurskoðunar álagning í smásölu og fulltrúar samtakanna kvaddir til viðræðna svo sem vera ber. – Væntir nefndin þess, að slíkt komi ekki fyrir aftur.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Gunnar Snorrason
Sig. Guðmundsson
Sig. Magnússon
[illegible] Guðmundsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1968.- Fimmtudaginn 22. ágúst var fundur haldinn í Verðlagsnefnd Félags Kjötverzlana á skrifstofu K.Í. kl. 15$^{30}$.

Dagskrá:

1. Gunnar Snorrason greindi frá nýafstöðnum verðbreytingum á sviðunum.

2. Einnig greindi hann frá verðlagningar-nefndar öllu hærri ákvörðun um verðlagningu á íslenzkum kartöflum, en þar er gert ráð fyrir stórlega lækkaðri álagningu í smásölu, eða úr 19% 1967 í 11% nú.

Þessari ákvörðun var í mörgum köflum mótmælt af formanni og framkvæmdastjóra og hefur fundur verið boðaður í sex-manna nefnd í kvöld kl. 8½ út af þessu máli.

Ræddu nefndarmenn málið ítarlega og undirbjuggu rökstuðning fyrir eðlilegri verðlagningu.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Gunnar Snorrason Sig. M...

Guðlaugur ... Sig. Guðmundsson

verzla við um- heildsala

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur